Efnisyfirlit

Stjórn Badmintonsambands Íslands **4**

2017 – 2018 ..... **4**

Starfsmenn 4

Starfandi nefndir 4

Frá formanni **5**

Viðburðir starfsársins **7**

Færslur á milli flokka á starfsárinu **20**

Úrslit móta á starfsárinu **21**

Deildakeppni BSÍ 2018 21

Íslandsmót unglinga 2018 21

Meistaramót Íslands 2018 23

Landsliðsmál **26**

Landsliðsferð til Danmerkur 2017 ..... *26*

Nordic Camp 2017 – Kristiansand, Noregi *27*

Afrekshópur – Lettland og Litháen *29*

Lettland 29

Litháen 30

Hugleiðingar og framtíð 30

Thomas & Uber Cup 2018 – Kazan, Rússlandi *30*

Skýrsla landsliðsþjálfara *32*

Skýrslur aðildafélaga **34**

Tennis- og badmintonfélag Siglufjarðar *34*

Badmintondeild KR *36*

Badmintondeild Aftureldingar *38*

Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur *40*

Badmintonfélag Hafnarfjarðar *43*

Badmintonfélag Akraness *48*

Samherjar *56*

Hamar *58*

UMF Skallagrímur *61*

Skýrsla Fræðslunefndar 2017 – 2018 ..... **63**

Skýrsla Mótanefndar 2017 – 2018 ..... **65**

Skýrsla Afreks- og landsliðsnefndar 2017 – 2018 ..... **66**

Iceland International 2018 ..... **67**

Deildakeppni BSÍ 2018 ..... **69**

Frá FÍBA 2017 – 2018 ..... **71**

Keppendur fyrir Ísland 2007-2018 í unglingalandsleikjum 16 ára og yngri – U17 ..... **72**

U17 Unglingalandsleikir 2007 – 2017 ..... **73**

Keppendur fyrir Ísland 1981 – 1991 í unglingalandsleikjum 18 ára og yngri – U19 ..... **74**

Keppendur fyrir Ísland 1990 – 2002 í unglingalandsleikjum 18 ára og yngri – U19 ..... **75**

Keppendur fyrir Ísland 2003 – 2017 í unglingalandsleikjum 18 ára og yngri – U19 ..... **76**

U19 Unglingalandsleikir 1981 – 2017 ..... **76**

Keppendur fyrir Ísland í landsleikjum 1973 – 1985 82
Keppendur fyrir Ísland í landsleikjum 1986 – 2002 82
Íslandsmeistarar í badminton 1949-2018 92
Ársreikningur 2017 97

Stjórn Badmintonsambands Íslands 2017 – 2018

Kristján Daníelsson, formaður
Guðrún Björk Gunnarsdóttir, varaformaður
Vignir Sigurðsson, gjaldkeri
Hrund Guðmundsdóttir, ritari
Helgi Jóhannesson, meðstjórnandi
Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi
Ívar Oddsson, meðstjórnandi og tengiliður leikmanna

Starfsmenn

2017 – 2018

Kjartan Ágúst Valsson, framvkæmdastjóri (2018-)
Margrét Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri (2017-2018)
Tinna Helgadóttir, landsliðsþjálfari
Atli Jóhannesson, aðstoðarlandsliðsþjálfari

Starfandi nefndir

2017 – 2018

Endurskoðendur
Hörður Þorsteinsson
Helena Óskarsdóttir

Afreks – og landsliðsnefnd
Frímann Ari Ferdinandsson, formaður
Kristján Daníelsson
Ívar Oddsson
Helgi Jóhannesson

Mótanefnd
Guðrún Björk Gunnarsdóttir, formaður
Helgi Jóhannesson
Irena Rut Jónsdóttir
Ívar Oddsson
Laufey Sigurðardóttir
Sólveig Jónsdóttir

Fræðslu- og útbreiðslunefnd
Anna Lilja Sigurðardóttir, formaður
Frímann Ari Guðmundsson
Hrund Guðmundsdóttir
Birgitta Rán Ásgeirsdóttir

Dómaranefnd
Laufey Sigurðardóttir

Frá formanni

Kristján Daníelsson
Formaður Badmintonsambands Íslands

Keppnistímabilinu 2017 – 2018 líður nú undir lok eftir góðan vetur. Með aukinni áherlsu á ungu spilara okkar sjáum við árangur í þeirri uppbyggingu sem á sér stað hjá félögum okkar.

Badmintonsamband Íslands fagnaði 50 ára afmæli á tímabilinu og hélt í tilefni þess glæsilega veislu samhliða Iceland International mótinu sem hefur aldrei verið stærra. Var veislan hin glæsilegasta og vel sótt. Á afmælinu var 16 aðilum veitt gullmerki sambandsins. Afmælið setti svip sinn á önnur mót sem sambandið hélt og var boðið uppá veitingar, lagt var meira í skreytingar og farið var nýjar leiðir í verðlaunum.

Formannafundur Badmintonsambands Íslands var haldinn 9.nóvember 2017. Er hann haldinn annað hvert ár á móti þingi sambandsins. Fundurinn var vel sóttur og var þar kynnt nýtt lógó sambandsins auk þess að ný heimasíða var kynnt til sögunnar. Annar formannafundur var haldinn á tímabilinu en ársfundur badmintonsambanda norðurlanda var haldin á Íslandi. Haldin var veglegur fundur og kvöldverður þar sem sambandinu voru færðu gjafir í tilefni afmælisins.

Badmintonsamband Íslands hélt Iceland International mótið í janúar. Mjög góð þátttaka var í fjölda erlendra keppenda eins og vant er. Mótið, sem var hluti af Reykjavík International Games, var einstaklega vel heppnað og mikil ánægja var með það. Alls tóku 172 erlendir keppendur þátt frá 32 þjóðlöndum. Iceland International er stærsta landsliðsverkefnið okkar en þá fá okkar sterkustu spilarar að etja kappi við erlenda mótherja og sú reynsla er mikilvæg. Verðlaunafé í mótinu var 10.000 dollarar. Mótið er lang viðamesta verkefni sambandsins í mótahaldi og jafnframt það kostnaðarsamasta. RÚV sýndi frá úrslitaleikjum Iceland International.

Deildakeppnin og Íslandsmótin, Íslandsmót unglinga og Meistaramót Íslands, eru einnig hápunktar vetrarins. Íslandsmót unglinga var haldið í samstarfi við ÍA og gekk samstarfið mjög vel og mótið var í alla staði glæsilegt. Badmintonsambandið hélt Meistaramót Íslands í TBR og var umgjörð mótsins hin glæsilegasta eins og vanalega. RÚV sýndi frá úrslitaleikjum í meistaraflokki en í ár var mótið hluti af Meistaradögum á RÚV.

Síðastliðið sumar fóru þrjár æfingabúðir fram fyrir afrekskrakka í badminton. Samstarfs-verkefni við Færeyjar og Grænland, North Atlantic Camp, sem hefur staðið í níu ár og að þessu sinni voru búðirnar, sem eru fyrir aldurshópa U13 – U17, haldnar í Færeyjum. Nordic Camp æfingabúðirnar, fyrir aldurshópinn U15, voru í Noregi. Evrópusumarskólinn, fyrir aldurshópinn U17, var haldinn í Slóveníu. Sumarið 2018 verða æfingabúðirnar North Atlantic Camp hér á Íslandi, Nordic Camp í Færeyjum og Evrópusumarskólinn aftur í Slóveníu.

Laufey Sigurðardóttir hlaut nú á vorönn 2018 yfirdómararéttindi Badminton Europe og er fyrst íslenskra dómara að ná því. Á hún mikið hrós fyrir. Laufey var aðstoðaryfirdómar á Iceland International mótinu.
Einn dómari, Sólveig Ósk Jónsdóttir, dæmdi á nokkrum mótum innan evrópsku mótaraðarinnar. Fór hún til Lettlands, Belgíu og Tékklands.

Karla- og kvennalandslið Íslands tók þátt í Evrópumeistaramóti karla- og kvennalandsliða (Thomas & Uber Cup).

Á tímabilinu misstum við aðal styrktaraðila sambandsins, Dominos, og erum við nú í þeirri vinnu að reyna finna nýjan styrktaraðila fyrir sambandið. Við höfum þó áfram stuðning nokkurra fyrirtækja og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir og þá sér í lagi Toyota. Stuðningur fyrirtækja er sambandinu nauðsynlegur sem og fjárstuðningur ríksins og Íþrótta- og Ólympíu-sambandsins og Lottósins.

Afreksmál hafa verið viðamikil í vinnu sambandsins undanfarið, afrekssjóður ÍSÍ hefu vaxið frá árinu 2016 og mun halda áfram að stækka. Gefur þetta sambandinu tækifæri til að fá meira fé í afreksstarf. ÍSÍ hefur í tengslum við þetta breytt og aukið fagmennsku í umsóknarferlinu en allt er þetta liður í að gera ferlið gegnsærra.

TBR er samstarfsaðili BSÍ í tengslum við æfingahelgar og nýtt fyrirkomulag landsliðsmála og kunnum við þeim góðar þakkir fyrir samstarfið.

Aðildarfélögum Badmintonsambandsins þakka ég fyrir liðið starfsár og við hlökkum til að vinna áfram saman að framgangi íþróttarinnar okkar á næsta starfsári.

Með framtíðina í huga vona ég að við getum öll unnið saman fyrir íþróttina okkar með það fyrir augum að efla hana og útbreiða. Vinnum saman að því að gera gott starf betra.

Ég þakka badmintonfólki fyrir veturinn og hlakka til að vinna með því áfram. Ég þakka fjölskyldum keppnisfólks okkar sem fylgjast með öllum mótum vetrarins og hvetja sitt fólk. Þá þakka ég starfsfólki og stjórnarmönnum sambandsins fyrir samstarfið á árinu.

Kristján Daníelsson
Formaður Badmintonsambands Íslands

Viðburðir starfsársins

Maí

U17 landsliðið tók þátt í Danish Junior mótinu í Farum í Danmörku um helgina. Landsliðið skipuðu Andri Broddason TBR, Bjarni Þór Sverrisson TBR, Brynjar Már Ellertsson ÍA, Einar Sverrisson, Eysteinn Högnason TBR, Þórður Skúlason BH, Andrea Nilsdóttir TBR, Halla María Gústafsdóttir BH, Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR, Karolina Prus KR, Katrín Vala Einarsdóttir BH og Þórunn Eylands TBR. Í einliðaleik var keppt í riðlum. Bjarni, Brynjar, Einar og Þórður fóru upp úr riðlum sínum í 10 manna útsláttarriðil. Andri komst ekki upp úr sínum riðli. Þórður fór alla leið í undanúrslit í flokki U17/U19 A og tapaði þar fyrir Philip Stiborg frá KMB2010. Halla María komst upp úr sínum riðli í flokki U17/U19A en tapaði fyrsta leik í útsláttarkeppninni eftir það og endaði því í 4-5. sæti í einliðaleik. Andrea og Þórunn spiluðu í flokki U17/U19 M en þær komust ekki upp úr sínum riðlum. Karolina, Júlíana Karitas og Katrín Vala spiluðu í flokki U15 M en þær komust ekki upp úr sínum riðlum. Bjarni og Þórður spiluðu saman tvíliðaleik. Þeir unnu fyrsta leik en töpuðu svo í annarri umferð. Brynjar Már og Andri töpuðu í fyrstu umferð. Einar og Eysteinn spiluðu mjög vel og komust alla leið í úrslit en töpuðu úrslitaleiknum eftir oddalotu 19-21, 21-11, 18-21. Katrín Vala og Halla spiluðu saman tvíliðaleik í flokki U17/U19A. Þær töpuðu í fyrsta leik. Andrea og Þórunn spiluðu í M og unnu sinn fyrsta tvíliðaleik en féllu úr keppni í annarri umferð. Karolina og Júlíana léku saman tvíliðaleik en þær féllu úr leik í fyrstu umferð.Í tvenndarleik léku Andri og Karolina saman og Brynjar og Júlíana. Bæði þessi pör töpuðu í fyrstu umferð. Eysteinn og Halla María komust í aðra umferð sem og Þórður og Katrín Vala. Einar og Þórunn léku í M flokki. Þau unnu fyrstu tvo leikina og töpuðu í þriðju umferð. Bjarni og Andrea léku saman en þau féllu úr leik í fyrstu umferð. Kjartan Ágúst Valsson, þjálfari BH, fór sem þjálfari og farastjóri í ferðina. Tinna Helgadóttir landsliðsþjálfari tók á móti hópnum og þjálfaði.

Fært var á milli flokka í maí. Úr A.flokki og í Meistaraflokk færðust Anna Margrét Guðmundsdóttir TBR og Haukur Gylfi Gíslason Samerjum. Úr B.flokki og í A.flokk færðust Andri Broddason TBR, Askur Máni Stefánsson BH, Axel Örn Sæmundsson UMF Þór, Brynjar Már Ellertsson ÍA, Garðar Hrafn Benediktsson BH, Símon Orri Jóhannsson ÍA, Tómas Andri Jörgensson ÍA, Björk Orradóttir TBR, Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS, Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR, Karolina Prus KR, Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR og Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH.

Júní

Afrekshópur Badmintonsambands Íslands tók þátt í alþjóðlega litháenska og alþjóðlega lettneska mótunum í júní. Árangur hópsins var mjög góður í báðum mótum, sérstaklega í tvíliða- og tvenndarleik. Nánar má lesa um mótin aftar í skýrslunni.

TBR tók þátt í í Evrópukeppni félagsliða í júní en keppnin fór fram í Mílanó á Ítalíu.

Júlí

Sumarskóli Badminton Europe fór að þessu sinni fram í Slóveníu þriðja árið í röð en þetta var í 36. skipti sem skólinn er haldinn. Fimm þátttakendur fóru frá Íslandi, Andrea Nilsdóttir TBR, Andri Broddason TBR, Brynjar Már Ellertsson ÍA, Halla María Gústafsdóttir BH, Magnús Daði Eyjólfsson KR og Una Hrund Örvar BH. Atli Jóhannesson aðstoðarlandsliðsþjáfari tók þátt í þjálfaranámskeiði sem var haldið samhliða. Alls tóku 46 leikmenn þátt í skólanum auk 24 þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið á sama tíma.

North Atlantic æfingabúðirnar fóru fram í Færeyjum í júlí en þetta var í níunda sinn sem búðirnar eru haldnar fyrir afrekskrakka í badminton frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Æfingarnar voru strembnar og krefjandi og stóðu frá morgni til kvölds með stuttum matarpásum. Íslenska hópinn skipuðu : Gabríel

Ingi Helgason BH, Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH, Steinar Petersen TBR, Stefán Árni Arnarsson TBR, Davíð Örn Harðarson ÍA, Halla Stella Sveinbjörnsson BH, Anna Alexandra Petersen TBR og Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR. Irena Rut Jónsdóttir ÍA og Þorkell Ingi Eriksson TBR tóku þátt í þjálfaranámskeiði samhliða æfingabúðunum.

Ágúst

Tinna Helgadóttir landsliðsþjálfari hélt þjálfaranámskeið í TBR húsunum helgina 26.-27.ágúst. Námskeiðið var vel sótt og var mikil ánægja með það. Farið var í þjálfun aldursflokka U9-U15 á fyrri deginum. Var lögð áhersla á tækni og fótaburð, hreyfi- og styrktarþjálfun og hvernig hægt sé að mæla árangur. Á seinni deginum var farið í þjálfun U17 til fullorðinna. Þar var farið í æfingauppbyggingu, hveru mikill tími á að fara í æfingar, tækni, fótaburð, hlaup o.s.frv mismunandi höggæfingar, líkamlega þjálfun utan badmintons og markmiðasetningu og æfingaáætlun.

Badmintonsamband Íslands stóð fyrir fundi um afreksmál í badminton. Fundurinn var haldinn í sal Kynnisferða. Farið var yfir fyrirkomulag landsliðsmál, æfingar og landsliðsverkefnin sem fara átti í yfir veturinn. Andri Stefánsson forstöðumaður Afrekssviðs ÍSÍ sagði frá nýju fyrirkomulagi varðandi afrekssjóð ÍSÍ. Þá fór Tinna ásamt landsliðsnefnd yfir afreksstarf BSÍ á komandi keppnistímabili. Fundurinn var vel sóttur.

Nordic Camp æfingabúðirnir fóru fram í Kristiansand í Noregi í ágúst. Fyrir hönd Íslands tóku þátt Gústav Nilsson TBR , Steinþór Emil Svavarsson BH , Sigurður Patrik Fjalarsson KR, Katrín Vala Einarsdóttir BH, Karolina Prus KR og Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR. Einar Óskarsson þjálfari Aftureldingu fór á þjálfaranámskeið sem var haldið meðfram búðunum. Nánar um búðirnar er hægt að lesa aftar í skýrslunni.

September

Fyrsta mót vetrarins, Einliðaleiksmót TBR, fór fram 8.september. Eingöngu var keppt í meistaraflokki í einliðaleik. 14 keppendur voru í einliðaleik karla og bar Daníel Jóhannesson TBR sigur úr bítum eftir að hafa unnið Davíð Bjarna Björnsson TBR í úrslitum. Í einliðaleik kvenna voru fjórir keppendur skráðir til leiks. Sigurvegarinn í einliðaleik kvenna var Arna Karen Jóhannsdóttir TBR.

Tinna Helgadóttir og Atli Jóhannesson völdu landsliðshópa fyrir tímabilið 2017-2018.

Afrekshópinn skipa: Daníel Jóhannesson TBR , Davíð Bjarni Björnsson TBR , Kristófer Darri Finnsson TBR , Margrét Jóhannsdóttir TBR og Sigríður Árnadóttir TBR.

Útbúinn var Framtíðarhópur en hann skipuðu : Andrea Nilsdóttir TBR , Andri Broddason TBR , Arna Karen Jóhannsdóttir TBR , Atli Tómasson TBR , Brynjar Már Ellertsson ÍA , Eysteinn Högnason TBR , Halla María Gústafsdóttir BH , Róbert Ingi Huldarsson BH , Þórður Skúlason BH og Þórunn Eylands TBR.

Helgina 16.-17.sept Fór fram fyrsta unglingamót vetrarins innan unglingamótaraðar Badmintonsambandsins. Einn leikmaður varð þrefaldur Reykjavíkurmestari þetta árið, Gústav Nilsson TBR í flokki U15. Sex einstaklingar urðu tvöfaldir Reykjavíkurmeistarar. Þau eru Steinar Petersen TBR (U13) í einliða- og tvenndarleik, Sigurbjörg Árnadóttir TBR (U13) í einliða- og tvenndarleik, Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR (U15) í einliða- og tvenndarleik, Andri Broddason TBR (U17) í einliða- og tvíliðaleik, Einar Sverrisson TBR (U19) í tvílið- og tvenndarleik og Þórunn Eylands TBR (U19) í einliða- og tvenndarleik. Aðrir Reykjavíkurmeistarar eru: Í einliðaleik: Elís Þór Dansson TBR (U19) og Halla María Gústafsdóttir BH (U17). Í tvíliðaleik: Daníel Máni Einarsson TBR (U13), Eiríkur Tumi Briem TBR (U13), Stefán Árni Arnarsson TBR (U15), Hildur Gísladóttir Samherjum (U15), María Rún Ellertsdóttir ÍA (U15), Karolina Prus BH (U17) og Katrín Vala Einarsdóttir BH (U17). Í tvenndarleik: Brynjar Már Ellertsson ÍA (U17) og Una Hrund Örvar BH (U17).

Atlamót ÍA fór fram helgina 23.-24. sept. Mótið er innan mótaraðar BSÍ og gefur því stig á styrkleikalista. Í tvíliða- og tvenndarleik var keppt í riðlum en í einliðaleik var keppt í riðlum og svo útsláttarkeppni.
Í meistaraflokki vann Eiður Ísak Broddason TBR Sigurð Sverri Gunnarsson TBR í úrslitum einliðaleiks karla 21-17 og 21-17. Í einliðaleik kvenna var keppt í riðli.
Sigríður Árnadóttir stóð uppi sem sigurvegari. Í tvíliðaleik karla sigruðu Kristófer Darri Finnsson og Davíð Bjarni Björnsson TBR. Ekki var keppt í tvíliðaleik kvenna í meistaraflokki. Í tvenndarleik sigurðu Daníel Jóhannesson og Sigríður Árnadóttir TBR.
Í A-flokki var spilað í úrsláttarkeppni eftir riðlana. Í A-flokki sigraði Elís Þór Dansson TBR í einliðaleik karla. Hann vann í úrslitum Aron Óttarsson TBR eftir oddalotu 21-11, 12-21, 21-14. Í einliðaleik kvenna vann Katrín Vala Einarsdóttir BH sem vann Höllu Maríu Gústafsdóttur BH 21-18, 22-20. Í tvíliðaleik karla unnu Aron Óttarsson og Guðjón Helgi Auðunsson TBR. Þeir unnu Elís Þór Dansson og Símon Orra Jóhannsson TBR í úrslitum 21-16, 21-13. Tvíliðaleik kvenna unnu Irena Ásdís Óskarsdóttir og Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH en þær unnu Önnu Alexöndru Petersen og Júlíönu Karitas Jóhannsdóttur TBR í úrslitum 21-16, 21-12. Í tvenndarleik sigruðu Elís Þór Dansson og Margrét Dís Stefánsdóttir TBR. Þau unnu Brynjar Má Ellertsson ÍA og Unu Hrund Örvar BH 21-14 og 21-14.
Í B-flokki vann Davíð Örn Harðarson ÍA einliðaleik karla. Hann sigraði í úrslitum Tómas Sigurðarson TBR 21-16, 21-17. Ekki fór fram keppni í einliðaleik kvenna í B-flokki né heldur í tvíliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu Egill Magnússon og Stefán Alfreð Stefánsson Aftureldingu. Ekki var keppt í tvíliðaleik kvenna í B-flokki. Í tvenndarleik unnu Kristján Kristjánsson og Rakel Rut Kristjánsdóttir BH sem sigruðu í úrslitum Gústav Nilsson og Önnu Alexöndru Petersen TBR 21-15, 21-16.

Október

Unglingamót KA var haldið á Akureyri um helgina 29.sept-2.október. Keppt var í öllum greinum í aldursflokkum U11 til U17/U19 en ákveðið var að sameina flokka U17 og U19 í vetur. Mótið var hluti af unglingamótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista. Í flokki U11 snáða vann Máni Berg Ellertsson ÍA í flokki snáða og í flokki snóta vann Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH. Í tvíliðaleik í flokki U11 unnu Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir og Isabella Ósk Stefánsdóttir TBS. Í flokki U13 snáða vann Alex Helgi Óskarsson TBS en keppt var í riðli í flokki U11. Í flokki U11 snóta vann Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir TBS. Í tvíliðaleik í flokki U11 unnu Katla Sól Arnarsdóttir og Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH en í flokknum er keppt óháð kyni. Eiríkur Tumi Briem TBR vann Steinar Petersen TBR í úrslitum í U13 einliðaleik hnokka eftir oddalotu 21-10, 14-21, 21-19. Sigurbjörg Árnadóttir TBR vann Höllu Stellu Sveinbjörnsdóttur BH í úrslitum 21-10 og 21-14 í U13 einliðaleik táta. Daníel Tumi Einarsson og Eiríkur Tumi Briem TBR unnu tvíliðaleik hnokka er þeir unnu í úrslitum Einar Óla Guðbjörnsson og Jónas Orra Egilsson TBR 22-20, 21-11. Tvíliðaleik táta unnu Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir og Isabella Ósk Stefánsdóttir TBS en það var keppt í riðli í greininni. Tvenndarleik í flokki U13 unnu Steinar Petersen og Sigurbjörg Árnadóttir TBR. Þau unnu í úrslitum Jón Víði Árnason og Hjördísi Eleanoru BH 21-9, 21-4. Í flokki U15 vann Gústav Nilsson TBR. Hann vann í úrslitum einliðaleiks Stefán Árna Arnarsson TBR eftir oddalotu 21-10, 17-21, 21-12. Lilja Bu TBR vann einliðaleik meyja en hún sigraði í úrslitum Hildi Gísladóttur Samherjum 21-11 og 21-10. Tvíliðaleik sveina unnu Gústav Nilsson og Stefán Árni Arnarsson TBR sem sigruðu í úrslitum Hákon Daða Gunnarsson og Steinþór Emil Svavarsson BH 21-16, 23-21. Tvíliðaleik meyja unnu Lilja Bu og Sigurbjörg Árnadóttir TBR sem unnu í úrslitum Lilju Berglindi Harðardóttur og Rakel Rut Kristjánsdóttur BH eftir oddalotu 21-16, 22-24, 21-15. Tvenndarleik í flokki U15 unnu Gústav Nilsson og Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR sem unnu í úrslitum Kristian Óskar Sveinbjörnsson og Rakel Rut Kristjánsdóttur BH eftir oddalotu 21-16, 18-21, 21-12. Gústav vann því þrefalt á mótinu. Sigurbjörg Árnadóttir vann einnig þrefalt á mótinu, 2 greinar í flokki U13 og eina í flokki U15 þar sem hún spilaði upp fyrir sig. Í flokki U17/U19 vann Einar Sverrisson TBR Elís Þór Dansson TBR í úrslitum eftir oddalotu 21-18, 17-21, 21-10 í einliðaleik. Katrín Vala Einarsdóttir BH vann Karolinu Prus BH í úrslitum 21-14 og 21-14 í einliðaleik. Í tvíliðaleik karla unnu Bjarni Þór Sverrisson og Einar

Sverrisson TBR en keppt var í riðli í greininni. Tvíliðaleik kvenna unnu Katrín Vala Einarsdóttir og Karolina Prus BH en það var einnig keppt í riðli í þessari grein. Í tvenndarleik unnu Einar Sverrisson TBR og Halla María Gústafsdóttir BH en þau unnu í úrslitum Bjarna Þór Sverrisson TBR og Karolinu Prus BH 21-17, 21-11. Einar vann því þrefalt á mótinu.

Þriðja mót mótaraðar BSÍ, TBR Opið, var aðra helgina í október. Keppt var í öllum greinum í meistaraflokki, A- flokki og B-flokki. Daníel Jóhannesson TBR sigraði einliðaleik karla eftir að hafa lagt Jónas Baldursson TBR í úrslitum 21-10, 21-14. Í einliðaleik kvenna var keppt í riðli og bar Sigríður Árnadóttir TBR sigur úr bítum. Tvíliðaleik karla unnu Kristófer Darri Finnsson og Davíð Bjarni Björnsson TBR en þeir unnu í úrslitum Daníel Jóhannesson og Jónas Baldursson TBR 21-15, 21-10. Tvíliðaleik kvenna unnu Margrét Jóhannsdóttir og Sigríður Árnadóttir TBR en keppt var í riðli í greininni. Tvenndarleikinn unnu Daníel Thomsen og Margrét Jóhannsdóttir TBR en í þessari grein var einnig keppt í riðli. Í A-flokki sigraði Einar Sverrisson í einliðaleik karla. Hann vann í úrslitum Aron Óttarsson TBR eftir hörkuleik 23-21, 24-22. Einliðaleik kvenna vann Halla María Gústafsdóttir BH. Hún vann Sólrúnu Önnu Ingvarsdóttur BH eftir oddalotu 20-22, 21-17, 21-11. Í tvíliðaleik karla unnu Aron Óttarsson og Guðjón Helgi Auðunsson TBR en þeir unnu í úrslitum Ask Mána Stefánsson og Elvar Má Sturlaugsson BH 24-22, 21-17. Tvíliðaleik kvenna í A-flokki unnu Irena Ásdís Óskarsdóttir og Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH en þær unnu í úrslitum Önnu Alexöndru Petersen og Margréti Dís Stefánsdóttur TBR eftir oddalotu 21-11, 17-21, 21-13. Tvenndarleikinn unnu Jón Sigurðsson og Guðrún Björk Gunnarsdóttir TBR. Þau unnu Elís Þór Dansson og Margréti Dís Stefánsdóttur TBR í úrslitum eftir oddalotu 15-21, 21-12, 24-22.
Keppt var í einliða- og tvíliðaleik karla og tvenndarleik í B-flokki. Gústav Nilsson TBR sigraði í einliðaleik en hann vann í úrslitum Egil Magnússon Aftureldingu 21-14, 21-9. Í tvíliðaleik var keppt í riðli og sigurvegararnir eru Egill Magnússon og Hallur Helgason Aftureldingu. Tvenndarleikinn unnu Gústav Nilsson og Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir TBR en keppt var í riðli í greininni.

Tinna Helgadóttir landsliðsþjálfari og Atli Jóhannesson aðstoðarlandsliðsþjálfari völdu karla- og kvennalandslið Íslands sem átti að taka þátt í Evrópukeppni karla- og kvennalandsliða. Karlalandsliðið skipuðu Daníel Jóhannesson TBR, Davíð Bjarni Björnsson TBR, Kári Gunnarsson TBR og Kristófer Darri Finnsson TBR. Kvennalandsliðið skipuðu Arna Karen Jóhannsdóttir TBR, Margrét Jóhannsdóttir TBR, Sigríður Árnadóttir TBR og Þórunn Eylands TBR.

Badmintonsamband Íslands stóð fyrir dómaranámskeiði þar sem Laufey Sigurðardóttir sá um kennsluna.

Badmintonsamband Íslands stóð fyrir þremur þjálfaranámskeiðum á tímabilinu. Badmintonþjálfari 1A, 1B og 1C. Kennarar á námskeiðunum voru þær Anna Lilja Sigurðardóttir og Irena Ásdís Óskarsdóttir, íþróttafræðingar og badmintonþjálfara. Hljóta þær mikið hrós fyrir frábær námskeið. Námskeiðin fóru fram í október 2017, febrúar og mars 2018.

Vetrarmót TBR var haldið í október. Keppt var í öllum greinum í aldursflokkum U13 til U19. Mótið var hluti af unglingamótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista. Í flokki U13 vann Steinar Petersen TBR en hann vann Eirík Tuma Briem TBR í úrslitum eftir oddalotu. Ekki var keppt í einliða- og tvíliðaleik í flokki táta. Í tvíliðaleik hnokka unnu Einar Óli Guðbjörnsson og Jónas Orri Egilsson TBR en þeir lögðu Steinar Petersen og Eirík Tuma Briem TBR í úrslitum eftir oddalotu. Í tvenndarleik unnu Steinar Petersen og Sigurbjörg Árnadóttir TBR Arnar Svan Huldarsson og Höllu Stellu Sveinbjörnsdóttur BH í úrslitum.

Í flokki U15 vann Gústav Nilsson TBR Steinþór Emil Svavarsson BH í úrslitum eftir oddalotu. Lilja Bu TBR vann í einliðaleik meyja en hún vann í úrslitum Sigurbjörgu Árnadóttur TBR. Báðar voru þær að keppa upp fyrir sig. Í tvíliðaleik sveina unnu Gústav Nilsson og Stefán Árni Arnarsson TBR en þeir unnu í úrslitum Hákon Daða Gunnarsson og Steinþór Emil Svavarsson BH. Í tvíliðaleik meyja unnu Lilja Bu og

Sigurbjörg Árnadóttir TBR þær Lilju Berglindi Harðardóttur og Rakel Rut Kristjánsdóttur BH. Í tvenndarleik unnu Gústav Nilsson og Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR þau Steinþór Emil Svavarsson og Lilju Berglindi Harðardóttur BH. Gústav vann því þrefalt á mótinu.
Í flokki U17/U19 vann Símon Orri Jóhannsson TBR en hann vann í úrslitum Andra Broddason TBR eftir oddalotu í einliðaleik drengja. Þórunn Eylands TBR vann Katrínu Völu Einarsdóttur BH í úrslitum í einliðaleik telpna. Í tvíliðaleik drengja unnu Andri Broddason og Elís Þór Dansson TBR Símon Orra Jóhannsson TBR og Þórð Skúlason BH eftir oddalotu. Í tvíliðaleik telpna unnu Halla María Gústafsdóttir og Una Hrund Örvar BH þær Önnu Alexöndru Petersen og Þórunni Eylands TBR eftir oddalotu. Í tvenndarleik unnu Elís Þór Dansson og Þórunn Eylands TBR en þau unnu í úrslitum Þórð Skúlason og Höllu Maríu Gústafsdóttur BH.

Badmintonsamband Íslands hlaut viðbótarstyrkveitingu úr Afrekssjóð ÍSÍ vegna afreksverkefna á árinu 2017. Var styrkurinn að upphæð 1,6 m.kr sem bættist við áður úthlutun til sambandsins, en sambandið hafði áður hlotið styrk að upphæð 2,2 m.kr.

Setmót KR var í október. Mótið er hluti af mótaröð Badmintonsambandsins og gaf stig á styrkleikalista. Í meistaraflokki vann Daníel Jóhannesson TBR en hann vann Kristófer Darra Finnsson TBR í einliðaleik karla 21-12, 21-16. Í tvíliðaleik karla unnu Kristófer Darri Finnsson og Davíð Bjarni Björnsson TBR en þeir unnu Daníel Jóhannesson og Jónas Baldursson TBR eftir æsispennandi leik sem fór í odd 17-21, 21-17, 21-16. Einliðaleik kvenna vann Arna Karen Jóhannsdóttir TBR en hún vann í úrslitum Þórunni Eylands TBR 21-13, 21-13. Tvíliðaleik kvenna unnu Erla Björg Hafsteinsdóttir BH og Sigríður Árnadóttir TBR en þær unnu Örnu Karen Jóhannsdóttur og Þórunni Eylands TBR 21-13, 21-12. Tvenndarleik unnu Daníel Jóhannesson og Sigríður Árnadóttir TBR en þau unnu í úrslitum Davíð Bjarna Björnsson og Örnu Karen Jóhannsdóttur TBR 21-18, 21-13.Í A-flokki vann Elís Þór Dansson TBR í einliðaleik karla en hann vann í úrslitum Aron Óttarsson TBR 24-22, 21-19. Katrín Vala Einarsdóttir BH vann einliðaleik kvenna en hún vann í úrslitum Karolinu Prus BH 21-19, 21-15. Tvíliðaleik karla unnu Bjarni Þór Sverrisson og Elís Þór Dansson TBR. Þeir unnu Elvar Má Sturlaugsson og Kristinn Breka Hauksson BH eftir oddalotu 21-18, 17-21, 21-18. Tvíliðaleik kvenna unnu Irena Ásdís Óskarsdóttir og Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH en þær unnu Höllu Maríu Gústafsdóttur og Katrínu Völu Einarsdóttur BH eftir oddalotu 22-24, 21-14, 21-6. Tvenndarleik A-flokks unnu Elvar Már Sturlaugsson og Katrín Vala Einarsdóttir BH en þau unnu í úrslitum Brynjar Má Ellertsson ÍA og Unu Hrund Örvar BH 21-19, 21-14. Egill Magnússon Aftureldingu vann í einliðaleik karla í B-flokki eftir að hafa sigrað Sigurð Patrik Fjalarsson KR í úrslitum 21-14, 21-13. Ekki var keppt í einliða- og tvíliðaleik kvenna í B-flokki. Tvíliðaleik karla unnu Egill Magnússon og Hallur Helgason Aftureldingu. Keppt var í riðli í greininni. Tvenndarleikinn unnu Egill Magnússon og Sunna Karen Ingvarsdóttir Aftureldingu. Keppt var í riðli í greininni.

Badmintonsamband Íslands hélt að þessu sinni fund fyrir Badmintonsamband allra Norðurlandanna en þetta er árlegur viðburður. Annað hvert ár er þessi fundur haldinn í Danmörku.

Nóvember

Badmintonsamband Íslands varð 50 ára 6.nóvember 2017. Var afmæli sambandsins fagnað allt þetta keppnistímabil.

Formannafundur Badmintonsambands Íslands var haldinn 9.nóvember. Er þessi fundur haldinn annaðhvert ár á móti Ársþinginu. Fundurinn var vel sóttur af formönnum, þjálfurum og forsvarsmönnum helstu aðildarfélaga BSÍ. Á fundinum kynnti Kristján Daníelsson, formaður BSÍ, nýtt merki sambandsins en merkið var hannað í tilefni af 50 ára afmæli Badmintonsambandsins. Einnig var kynnt til sögunnar ný heimasíða sambandsins en ráðist var í hönnun og gerð nýrrar síðu í tilefni af

stórafmælinu. Þá kynnti Margrét ársreikning sambandsins fyrir árið 2016. Eftir það tóku við kynningar á útbreiðslustarfi BH og Hamars og umræður um útbreiðslu íþróttarinnar.

Kári Gunnarsson tók þátt í alþjóðlegu móti í Morocco. Kári keppti í einliðaleik og hóf keppni í forkeppni mótsins. Í henni keppti hann tvo leiki sem hann vann. Með því komst hann inn í aðalkeppni mótsins. Þar lék hann gegn Adel Hamek frá Alsír en hann er Afríkumeistari. Kári vann þann leik 21-18 í oddi og spilaði síðan gegn Georges Julien Paul frá Mauritíus en hann er númer 107 á heimslista. Kári tapaði fyrir honum.

Fimm íslenskir keppendur tóku þátt í Alþjóðlegu mótii í Sandefjord í Noregi 18.-19.nóvember. Var þetta mót hluti af evrópsku mótaröðinni. Íslensku keppendurnir voru Arna Karen Jóhannsdóttir TBR, Davíð Bjarni Björnsson TBR og Kristófer Darri Finnsson TBR auk Öldu Karenar Jónsdóttur og Jóhannesar Orra Ólafssonar sem bæði eru búsett í Noregi. Gekk íslensku spilurunum vel á þessu móti þó enginn hafi farið alla leið í úrslit.

Gengið var frá ráðningu nýs framkvæmdastjóra Badmintonsambands Íslands en Margrét Gunnarsdóttir, sem hafði gengt starfinu síðastliðin 9 ár ákvað að róa á önnur mið. Nýr framkvæmdarstjóri er Kjartan Ágúst Valsson og hóf hann síðar störf 1.janúar 2018.

Meistaramót BH fór fram 17.-19. nóvember. Í meistaraflokki vann Eiður Ísak Broddason TBR einliðaleik karla þegar hann vann Sigurð Sverri Gunnarsson TBR í úrslitum eftir oddalotu 18-21, 21-18, 21-17. Einliðaleik kvenna vann Margrét Jóhannsdóttir TBR en keppt var í riðli í greininni. Daníel Thomsen og Bjarki Stefánsson TBR unnu tvíliðaleik karla en þeir unnu í úrslitum Davíð Phuong og Róbert Inga Huldarsson BH 21-13, 21-12. Margrét Jóhannsdóttir og Sigríður Árnadóttir unnu tvíliðaleik kvenna en þær unnu Erlu Björgu Hafsteinsdóttur BH og Snjólaugu Jóhannsdóttur TBR eftir oddalotu 21-16, 14-21, 22-20. Margrét Jóhannsdóttir vann þrefalt á mótinu því hún vann einnig tvenndarleikinn ásamt meðspilara sínum, Daníel Thomsen. Keppt var í riðli í greininni.

Elís Þór Dansson TBR vann einliðaleik karla í A-flokki er hann vann í úrslitum Aron Óttarsson TBR 21-19, 21-12. Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH vann einliðaleik kvenna. Hún vann í úrslitum Katrínu Völu Einarsdóttur BH eftir oddalotu 9-21, 21-17, 21-10. Tvíliðaleik karla unnu Ingólfur Ingólfsson og Jón Sigurðsson TBR en þeir unnu í úrslitum Aron Óttarsson og Guðjón Helga Auðunsson TBR 21-15, 21-14. Gömlu kempurnar Anna Lilja Sigurðarsdóttir og Irena Ásdís Óskarsdóttir BH unnu tvíliðaleik kvenna en þær lögðu í úrslitum mæðgurnar Margréti Dís Stefánsdóttur TBR og Svanfríði Oddgeirsdóttur Aftureldingu 21-17, 22-20. Tvenndarleikinn í A-flokki unnu Jón Sigurðsson og Guðrún Björk Gunnarsdóttir TBR. Þau unnu Önnu Lilju Sigurðardóttur og Borgar Ævar Axelsson BH í úrslitum 22-20, 21-18.

Einliðaleik karla í B-flokki vann Gústav Nilsson TBR. Hann vann í úrslitum Egil Magnússon Aftureldingu 21-17, 21-16. Í einliðaleik kvenna var keppt í riðli en hann vann María Rún Ellertsdóttir ÍA. Gunnar Örn Ingólfsson og Steinþór Óli Hilmarsson BH unnu tvíliðaleik karla með því að sigra í úrslitum Egil Magnússon og Hall Helgason Aftureldingu 21-15, 21-19. Í tvíliðaleik kvenna var keppt í riðli en hann unnu Ingunn Gunnlaugsdóttir BH og Sunna Karen Ingvarsdóttir Aftureldingu. Mæðginin Gústav Nilsson og Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir TBR unnu tvenndarleikinn með því að sigra feðginin Kristján Kristjánsson og Rakel Rut Kristjánsdóttur BH í úrslitum 21-17, 21-18.

Unglingamót Aftureldingar fór fram helgina 25-26.nóvember. Keppt var í aldursflokkum U11 - U17/19. Í flokki U13 vann Arnar Svanur Huldarsson BH í einliðaleik hnokka. Hann vann í úrslitum Daníel Mána Einarsson TBR. Ekki var keppt í flokki táta. Í flokki U15 stóð Gústav Nilsson TBR uppi sem sigurvegari í einliðaleik hnokka þegar hann vann Stefán Árna Arnarsson TBR í úrslitum. María Rún Ellertsdóttir ÍA vann í einliðaleik meyja. Hún vann í úrslitum Lilju Bu TBR. Í flokki U17/19 vann Símon Orri Jóhannsson

TBR þegar hann vann Einar Sverrisson TBR í úrslitum. Einliðaleik telpna vann Katrín Vala Einarsdóttir BH en hún vann í úrslitum Sólrúnu Önnu Ingvarsdóttur BH eftir oddalotu.

Desember

Landsliðsæfingar og einnig æfingabúðir landsliða fóru fram í desember undir stjórn Tinnu Helgadóttur landsliðsþjálfara og Atla aðstoðarlandsliðaþjálfara.

Dregið var í happdrætti Badmintonsambands Íslands í desember. Vinningar voru 30 talsins. Hægt er að nálgast vinningsnúmerin á heimasíðu sambandsins. BSÍ þakkar öllum þeim sem seldu miða fyrir sambandið og þeim sem keyptu miða kærlega fyrir stuðninginn. Tveir aðalvinningar gengu út að þessu sinni.

Dregið var í Evrópukeppni karla- og kvennalandsliða sem fram fór í Kazan 13.-18.febrúar. Íslenska karlalandsliðið drósti í þriðja riðil með Þýskalandi, Lúxemborg og Azerbaijan. Alls tóku 29 þjóðir þátt karla megin. Kvennalandsliðið drósti í riðil 1 með Danmörku, Svíþjóð og Ísrael. Alls tóku 24 þjóðir þátt kvenna megin.

Kári Gunnarsson tók þátt í alþjóðlega ítalska mótinu sem fram fór í Mílanó á Ítalíu. Kári tapaði í fyrstu umferð í forkeppni mótsins gegn ítalanum Lukas Osele 21-13 og 21-11.

Jólamót unglinga var haldið í TBR. Eingöngu var keppt í einliðaleik í aldursflokkum U13 til U19. Mótið var hluti af unglingamótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista unglinga. Sigurvegarar á mótinu voru eftirtaldir: Í flokki U13 sigraði Eiríkur Tumi Briem í flokki hnokka og Halla Stella Sveinbjörnsdóttir í flokki táta. Í flokki U15 vann Steinþór Emil Svavarsson BH í flokki sveina og Lilja Bu í flokki meyja. Í flokki U17/U19 vann Eysteinn Högnason TBR í flokki drengja og Katrín Vala Einarsdóttir BH vann í í flokki telpna.

Kári Gunnarsson keppti á alþjóðlegu móti í Tyrklandi. Kári hóf leik í forkeppni einliðaleiks karla og vann þar fyrst Axilleas Tsartsidis frá Grikklandi 21-7 og 21-12. Þá mætti hann Bughran Perk frá Tyrklandi og vann hann einnig í tveimur lotum 21-18 og 21-16. Í þriðju umferð forkeppninnar atti Kári kappi við Serhat Salin frá Tyrklandi og vann eftir oddalotu 11-21, 21-11 og 21-8. Með því hafði hann unnið sér inn þátttökurétt í aðalkeppninni. Þar mætti hann í fyrstu umferð Ahmetcan Oruc frá Tyrklandi. Leikurinn var æsispennandi sem endaði með oddalotu og sigri Kára 21-19, 21-23 og 22-20. Í annarri umferð keppti hann gegn Ivan Rusev frá Búlgaríu, sem var raðað númer sex inn í greinina. Kári tapaði fyrir honum eftir oddalotu 21-18, 15-21 og 14-21 og lauk þar með keppni.

Stjórn Badmintonsambands Íslands valdi Kristófer Darra Finnsson TBR badmintonmann ársins og Margréti Jóhannsdóttur TBR sem badmintonkonu ársins. Hlutu þau viðurkenningu frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands.

Janúar

Nýr framkvæmdastjóri Badmintonsambands Íslands , Kjartan Ágúst Valsson, hóf störf 1.janúar en hann tók við af Margréti Gunnarsdóttur sem hafði sinnt þessu starfi s.l 9 ár.

Íslenska landsliðið spilaði æfingaleik við Færeyjar í TBR húsinu 5.janúar. Var þessi leikur liður í undirbúningi íslenska landsliðsins fyrir Evrópumeistaramót karla- og kvennalandsliða sem fram fór í Kazan, Rússlandi 13. – 18. feb. Lauk leiknum með 10 – 0 sigri Íslands þar sem allir leikirnir voru sigraði í tveimur lotum.

Áttunda mót mótaraðar BSÍ, Meistaramót TBR 2018, var fyrsta mót nýs árs eins og vant er. Keppt var í öllum greinum í meistaraflokki, A- flokki og B-flokki að undanskyldum einliðaleik kvenna í B.flokki. Í

meistaraflokki vann Kári Gunnarsson TBR í einliðaleik karla og Margrét Jóhannsdóttir TBR í einliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR. Tvíliðaleik kvenna unnu Margrét Jóhannsdóttir og Sigríður Árnadóttir TBR. Tvenndarleikinn unnu Daníel Thomsen og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Í A-flokki sigraði Daníel Ísak Steinarsson BH í einliðaleik karla og í einliðaleik kvenna vann Katrín Vala Einarsdóttir BH. Tvíliðaleik karla unnu Aron Óttarsson og Vignir Haraldsson TBR og Sólrún Anna Ingvarsdóttir og Una Hrund Örvar BH unnu tvíliðaleik kvenna. Tvenndarleikinn unnu Geir Svanbjörnsson og Áslaug Jónsdóttir TBR. Steinþór Emil Svavarsson sigraði í einliðaleik karla í B-flokki. Tvíliðaleik karla unnu Gunnar Örn Ingólfsson og Steinþór Óli Hilmarsson TBR. Tvíliðaleik kvenna unnu Arndís Sævarsdóttir og Sunna Karen Ingvarsdóttir Aftureldingu. Tvenndarleik unnu Kristján Arnór Kristjánsson og Rakel Rut Kristjánsdóttir BH.

Fært var á milli flokka í janúar. Úr M.fl og í A-flokk voru færð Brynja Pétursdóttir ÍA og Friðrik Veigar Guðjónsson ÍA. Fært er á milli flokka tvisvar á ári, í janúar og í lok tímabils.

Iceland International mótið var hluti af Reykjavík International Games. Mótið er hluti af Evrópumótaröðinni og gefur stig á heimslista Alþjóða Badmintonsambandsins. Alls tóku 203 keppendur frá 32 löndum þátt í mótinu, 168 erlendir og 35 íslenskir. 13 erlendir dómarar komu til að dæma á mótinu. Umgjörð mótsins var öll hin glæsilegasta. Í einliðaleik karla vann Sam Parsons frá Englandi. Í einliðaleik kvenna vann Saili Rane frá Indlandi. Í tvíliðaleik karla stóðu Alexander Dunn og Adam Hall uppi sem sigurvegarar. Tvíliðaleik kvenna unnu Julie Macpherson og Eleanor O'Donnell frá Skotlandi. Tvenndarleik unnu Rohan Kapoor og Kuhoo Garg frá Indlandi. Mótið var mjög vel heppnað en um 60 starfsmenn komu að framkvæmd mótsins. Ítarleg umfjöllun um Iceland International er aftar í skýrslunni.

50 ára afmæli Badmintonsambands Íslands var fagnað með glæsilegri veislu sem var haldin í TBR húsinu á laugardeginum þegar Iceland International var haldið. Voru veitt 16 gullmerki BSÍ í afmælishófinu. Eftirfarandi aðilar voru heiðraðir Óskar Bragason, Kristín Magnúsdóttir, Broddi Kristjánsson, Jóhann Kjartansson, Hrólfur Jónsson, Víðir Bragason, Walter Lenz, Sigurður Blöndal, Helgi Magnússon, Gunnsteinn Karlsson, María Thors, Laufey Sigurðardóttir, Dagbjört Ýr Gylfadóttir, Sigríður Bjarnadóttir, Reynir Guðmundsson og Frímann Ari Ferdinandsson.

Fært var á milli flokka í Janúar. Úr Meistaraflokki og í A.flokk voru færð Brynja Kolbrún Pétursdóttir ÍA og Friðrik Veigar Guðjónsson ÍA. Ekki voru fleiri færslur gerðar í janúar.

Febrúar

RIG - Unglingameistaramót TBR var haldið fyrstu helgina í febrúar en mótið var einnig hluti af Reykjavík International Games 2017. Keppt var í öllum greinum í aldursflokkum U11 til U19. Mótið var hluti af unglingamótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista unglinga. Keppendur frá Færeyjum voru 60 talsins. Sigurvegarar á mótinu voru eftirtaldir: Keppt var í riðlum í flokki U11. Í flokki U11A snáða vann Bogi Á Reynatroð frá Færeyjum. Í flokki U11B snáða vann Alexandur Lamhauge Ellefsen frá Færeyjum en hann vann alla sjö leiki sína. Í flokki U11 snóta vann Eyð Lamhauge Debess sem vann alla sjö leiki sína. Í flokki U13 sigraði Bjarti Samson Vang frá Færeyjum í einliðaleik hnokka og Lilja Bu TBR vann í einliðaleik táta. Í tvíliðaleik hnokka unnu Daníel Máni Einarsson og Eiríkur Tumi Briem TBR og í tvíliðaleik táta unnu Oddbjorg Í Buð og Rakul Sorensen frá Færeyjum. Í tvenndarleik unnu Steinar Petersen og Sigurbjörg Árnadóttir TBR. Í flokki U15 vann Steinþór Emil Svavarsson í einliðaleik sveina. Bjarnhild frá Færeyjum vann í einliðaleik meyja. Í tvíliðaleik sveina unnu Steinþór Emil Svavarsson BH og Tórur Paulason Færeyjum. Í tvíliðaleik meyja unnu Adhy Nandy og Miriam Í Grótinum frá Færeyjum. Í tvenndarleik unnu Gústav Nilsson og Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR. Í flokki U17 vann Jónas Djurhuus Færeyjum í einliðaleik drengja og Sissal Thomsen Færeyjum vann einliðaleik telpna. Í tvíliðaleik drengja unnu Hákun Thorkildshoj og Rasmus Petersen Færeyjum. Í tvíliðaleik telpna unnu Anna Alexandra Petersen TBR og Karolina Prus BH. Í tvenndarleik unnu Jónas

Djurhuus og Sissal Thomsen. Í flokki U19 vann Bartal Poulsen frá Færeyjum í einliðaleik pilta og í einliðaleik stúlkna vann Þórunn Eylands TBR. Í tvíliðaleik pilta unnu Bartal Poulsen Færeyjum og Elís Þór Dansson TBR. Í tvíliðaleik stúlkna sigruðu Gunnva Jacobsen og Sissal Thomsen Færeyjum. Í tvenndarleik í flokki U19 sigruðu Einar Sverrisson og Þórunn Eylands TBR. Vináttulandsleikir voru leiknir í öllum aldursflokkum unglinga í tengslum við mótið.

Óskarsmót KR var í febrúar. Mótið er innan mótaraðar BSÍ og gefur stig á styrkleikalista. Keppt var í meistaraflokki, A- og B-flokki. Í meistaraflokki vann Daníel Jóhannesson TBR í einliðaleik karla. Tvíliðaleik karla unnu Daníel Jóhanneson og Jónas Baldursson TBR. Tvenndarleikinn unnu Daníel Jóhannesson og Sigríður Árnadóttir TBR. Ekki var keppt í einliða- og tvíliðaleik kvenna í M.fl. Í A-flokki sigraði Elís Tor Dansson í einliðaleik karla. Halla María Gústafsdóttir BH sigraði í einliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu Brynjar Már Ellertsson og Pontus Rydström ÍA og tvíliðaleik kvenna unnu Halla María Gústafsdóttir og Irena Ásdís Óskarsdóttir BH. Tvenndarleikinn unnu mæðginin Brynjar Már Ellertsson og Brynja Pétursdóttir ÍA. Gústav Nilsson TBR vann í einliðaleik karla í B-flokki. Tvíliðaleik karla unnu Egill Magnússon og Víðir Þór Þrastarson. Í tvenndarleik B.flokki unnu Víðir Þór Þrastarson Aftureldingu og Erla Rós Heiðarsdóttir BH. Ekki var keppt í einliða- og tvíliðaleik kvenna

Deildakeppn BSÍ var haldin í febrúar að vanda. Alls voru 15 lið skráð til leiks. Íslandsmeistarar í Meistaraflokki urðu TBR Ljóshraði. Liðið skipuðu Arna Karen Jóhannsdóttir, Sigríður Árnadóttir, Sunna Ösp Runólfsdóttir, Davíð Bjarni Björnsson, Eiður Ísak Broddason, Ívar Oddsson, Jónas Baldursson og Kári Gunnarsson . Með því vann TBR sér inn keppnisrétt í Evrópukeppni félagsliða sem fer fram í sumar. TBR Ástarpungar urðu í öðru sæti, TBR/BH Öllarar í þriðja sæti og Team Hvalur frá Noregi í 4.sæti.TBR/Hamar-Öllarar-Sleggjur urðu í fyrsta sæti í A-deild og þar með Íslandsmeistarar í A-deild. Liðið skipuðu Áslaug Jónsdóttir, Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir, Guðrún Björk Gunnarsdóttir, Hrund Guðmundsdóttir, Sigrún Einarsdóttir, Egill Sigurðsson, Geir Svanbjörsson, Gunnar Petersen, Haraldur Guðmundsson, Indriði Björnsson, Ingólfur Ingólfsson, Jón Sigurðsson, Þórhallur Einisson og Vignir Sigurðsson. Í öðru sæti urðu BH Mafían, í þriðja sæti ÍA/UMFS. TBR/UMFA Hákarlar eru Íslandsmeistarar liða í B-deild. Hákarla skipa Árni Haraldsson, Egill Þór Magnússon, Sigurður Ingi Pálsson, Gunnar Örn Ingólfsson, Gísli Björn Heimisson, Steinþór Óli Hilmarsson, Gunnar Gunnarsson, Alexander Eðvardsson, Sæmundur Sæmundsson, Geir Sæmundsson, Sigfús B. Sverrisson, Rúnar Óskarsson, Stefán Alfreð Stefánsson, Svanfríður Oddgeirsdóttir, Arndís Úlfheiður Sævarsdóttir, Sunna Karen Ingvarsdóttir, Lydía Kristín Jakopsdóttir og Bjarndís Helga Blöndal. Í öðru sæti urðu TBR/UMFA/Hamar Jaxlar, BH Naglar í þriðja sæti, BH Power Rangers í fjórða sæti og TBR – Dvergar í fimmta sæti.

Unglingamót Þórs fór fram í febrúar í Íþróttamiðstöðinni í Þorlákshöfn. Á mótinu, sem var B og C mót, var keppt í flokkum U11 til U19.

Landsbankamót ÍA var haldið í febrúar en mótið var hluti af unglingamótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista unglinga. Keppt var í öllum greinum í aldursflokkum U11 til U19. Sigurvegarar á mótinu voru eftirtaldir: Í einliðaleik U11 snáða var það Arnar Freyr Fannarsson ÍA sem sigraði og í einliðaleik snóta sigraði Emma Katrín Helgadóttir TBR. Í einliðaleik U13 hnokka var það Eiríkur Tumi Briem TBR og í einliðaleik U13 tátur var það Hjördís Eleonora BH sem sigraði. Í tvíliðaleik U13 hnokka voru það Daníel Máni Einarsson TBR og Eiríkur Tumi Briem TBR sem unnu. Í tvíliðaleik U13 tátur sigruðu þær Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH og Katla Sól Arnarsdóttir BH. Í tvenndarleik U13 hnokkar/tátur unnu Einar Óli Guðbjörnsson TBR og Lilja Bu TBR. Gabríel Ingi Helgason BH sigraði í einliðaleik U15 sveina. Í einliðaleik U15 meyjar var það María Rún Ellertsdóttir ÍA sem sigraði. Í tvíliðaleik U15 sveina voru það Gabríel Ingi Helgason BH og Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH sem sigruðu. Í tvíliðaleik meyja voru það María Rún Ellertsdóttir ÍA og Rakel Rut Kristjánsdóttir BH sem sigruðu. Í tvenndarleik U15 sveinar/meyjar voru það Gústav Nilsson TBR og Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR sem unnu. Í einliðaleik U17/U19 drengir/piltar var það Símon Orri Jóhannsson TBR sem sigraði. Í einliðaleik U17/U19 telpur/stúlkur var það Þórunn Eylands TBR sem sigraði. Í tvíliðaleik

U17/U19 drengir/piltar voru það Bjarni Þór Sverrisson og Eysteinn Högnason TBR sem unnu.Í tvíliðaleik U17/U19 telpur/stúlkur voru það Halla María Gústafsdóttir BH og Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH sem sigriðu.
Í tvenndarleik U17/U19 voru það svo Einar Sverrisson TBR og Þórunn Eylands TBR sem sem sigruðu.

Karla- og kvennalandslið Íslands keppti á Evrópumeistaramóti karla- og kvennalandsliða sem fram fór í Kazan, Rússlandi dagana 13.-18. Febrúar. Íslenska karlalandsliðið dróst í þriðja riðil með Þýskalandi, Lúxemborg og Azerbaijan.
Karlalandsliðið skipuðu þeir Daníel Jóhannesson, Davíð Bjarni Björnsson, Kári Gunnarsson og Kristófer Darri Finnsson.
Í hverri umferð voru 3 einliðaleikir og 2 tvíliðaleikir.
Ísland tapaði gegn Þýskalandi 5 – 0. Ísland vann Azerbaijan 4 – 1 og að lokum vann Ísland, Lúxemborg 4 – 1.
Íslenska kvennalandsliðið dróst í riðil 1 með Danmörku, Svíþjóð og Ísrael.
Íslenska kvennalandsliðið skipuðu : Arna Karen Jóhannsdóttir, Margrét Jóhannsdóttir, Sigríður Árnadóttir og Þórunn Eylands Harðardóttir.
Í hverri umferð eru 3 einliðaleikir og 2 tvíliðaleikir
Ísland tapaði gegn Ísrael 3 – 2. Íslandi tapaði gegn Svíþjóð 5 – 0 og að loku töpuðu stelpurnar gegn ógnarsterku liði dana 5 – 0.
Nánar er fjallað um mótið aftar í skýrslunni

Mars

Sjö þjálfarar luku 1.stigi þjálfaramenntunar BSÍ sem samanstendur af þremur 20 klukkustundar námskeiðum, 1a, 1b og 1c. Að stigi 1 loknu á þjálfarinn að geta skipulagt og stjórnað æfingatíma hjá börnum og unglingum á byrjendastigi. Námskeiðin voru haldin bæði í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði og TBR húsunum við Gnoðarvog í október, febrúar og mars. Á síðustu námskeiðshelginni fóru þjálfararnir í bæði bóklegt og verklegt próf sem allir stóðust með sóma. Kennarar á námskeiðunum voru þær Irena Ásdís Óskarsdóttir og Anna Lilja Sigurðardóttir en Laufey Sigurðardóttir kenndi leikreglnahluta námskeiðsins.
Þjálfararnir sem luku 1.stiginu þetta árið voru eftirfarandi: Halla María Gústafsdóttir BH , Hjalti Kristjánsson Reykjalundi, Katrín Vala Einarsdóttir BH , Kristófer Darri Finnsson TBR, Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH, Una Hrund Örvar BH og Þorkell Ingi Eriksson TBR

Íslandsmót unglinga var haldið á Akranesi í mars. Mótið er innan unglingamótaraðar og gaf stig á styrkleikalista unglinga. ÍA hélt mótið þetta árið í samstarfi við BSÍ. Keppendur voru 151 talsins frá átta félögum, Aftureldingu, BH, Hamri, ÍA, KR, TBR, TBS og Samherjum. Alls voru 285 leikir spilaðir þessa helgi. Flestir keppendur komu frá BH eða 48 talsins. Því næst kom TBR með 47 keppendur. Mótsstjóri var Karítas Eva Jónsdóttir. Breyting var gerð á mótinu þetta árið þegar boðið var upp á A- og B flokk í einliðaleik í flokkum U13-U19, keppt var í riðlum í einliðaleik. Einnig var gerð sú breyting að keppt var í tvíliða- og tvenndarleik í U11. Sex leikmenn náðu þeim frábæra árangri að verða þrefaldir Íslandsmeistarar; Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH og Máni Berg Ellertsson ÍA bæði í U13. Júlíana Karítas Jóhannsdóttir TBR í U15. Katrín Vala Einarsdóttir BH og Brynjar Már Ellertsson ÍA í U17 og Þórunn Eylands í U19. Lið BH var valið prúðasta lið mótsins. Íslandsmeistarar unglinga 2018 eru:

U11 Einliðaleikur snáðar
Máni Berg Ellertsson ÍA
U11 Einliðaleikur snótir
Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH
U11 Tvíliðaleikur snáðar
Máni Berg Ellertsson ÍA
Viktor Freyr Ólafsson ÍA

U13 A Einliðaleikur hnokkar
Eiríkur Tumi Briem TBR
U13 B Einliðaleikur hnokkar
Enok Atli Reykdal Samherji
U13 A Einliðaleikur tátur
Lilja Bu TBR
U13 B Einliðaleikur tátur

Margrét Sigurðardóttir TBS

U11 Tvíliðaleikur snótir
Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH
Katla Sól Arnarsdóttir BH
U11 Tvenndarleikur snáðar/snótir
Máni Berg Ellertsson ÍA
Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH

U13 Tvíliðaleikur hnokkar
Daníel Máni Einarsson TBR
Eiríkur Tumi Briem TBR
U13 Tvíliðaleikur tátur
Lilja Bu TBR
Sigurbjörg Árnadóttir TBR
U13 Tvenndarleikur hnokkar/tátur
Steinar Petersen TBR
Sigurbjörg Árnadóttir TBR

U15 A Einliðaleikur sveinar
Steinþór Emil Svavarsson BH
U15 B Einliðaleikur sveinar
Þorleifur Fúsi Guðmundsson BH
U15 A Einliðaleikur meyjar
Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR

U17 A Einliðaleikur drengir
Brynjar Már Ellertsson ÍA
U17 B Einliðaleikur drengir
Gísli Marteinn Baldvinsson TBS
U17 A Einliðaleikur telpur
Katrín Vala Einarsdóttir BH

U15 B Einliðaleikur meyjar
Sara Bergdís Albertsdóttir BH
U15 Tvíliðaleikur sveinar
Gústav Nilsson TBR
Stefán Árni Arnarsson TBR
U15 Tvíliðaleikur meyjar
Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR
Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR
U15 Tvenndarleikur sveinar/meyjar
Gústav Nilsson TBR
Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR

U17/U19 B Einliðaleikur telpur
Kristín Magnúsdóttir KR
U17 Tvíliðaleikur drengir
Brynjar Már Ellertsson ÍA
Davíð Örn Harðarson ÍA
U17 Tvíliðaleikur telpur
Halla María Gústafsdóttir BH
Katrín Vala Einarsdóttir BH
U17 Tvenndarleikur drengir/telpur
Brynjar Már Ellertsson ÍA
Katrín Vala Einarsdóttir BH

U19 A Einliðaleikur piltar
Elís Þór Dansson TBR
U19 B Einliðaleikur piltar
Sebastían Vignisson BH
U19 A Einliðaleikur stúlkur
Þórunn Eylands TBR
U19 Tvíliðaleikur piltar
Bjarni Þór Sverrisson TBR
Eysteinn Högnason TBR
U19 Tvíliðaleikur stúlkur
Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir ÍA
Þórunn Eylands TBR
U19 Tvenndarleikur piltar/stúlkur
Einar Sverrisson TBR
Þórunn Eylands TBR

Reykjavíkurmót fullorðinna var í mars. Keppt var í öllum greinum í meistaraflokki, A- flokki og B-flokki nema í tvíliðaleik kvenna í meistaraflokki. Mótið var hluti af mótaröð Badmintonsambands Íslands og gefur stig á styrkleikalista. Í meistaraflokki stóð Daníel Jóhannesson TBR uppi sem Reykjavíkurmeistari í einliðaleik karla og Þórunn Eylands í einliðaleik kvenna. Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR eru Reykjavíkurmeistarar í tvíliðaleik karla. Margrét Jóhannsdóttir og

Sigríður Árnadóttir TBR eru Reykjavíkurmestarar í tvíliðaleik kvenna. Reykjavíkurmeistarar í tvenndarleik eru Daníel Thomsen og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Í A-flokki sigraði Eysteinn Högnason TBR í einliðaleik karla og Halla María Gústafsdóttir BH í einliðaleik kvenna. Reykjavíkurmeistarar í tvíliðaleik karla í A-flokki eru Aron Óttarsson og Guðjón Helgi Auðunsson TBR og tvíliðaleik kvenna unnu Sólrún Anna Ingvarsdóttir og Una Hrund Örvar BH. Reykjavíkurmeistarar í tvenndarleik í A-flokki eru Elís Þór Dansson og Margrét Dís Stefánsdóttir TBR. Gústav Nilsson TBR er Reykjavíkurmeistari í einliðaleik karla í B-flokki og Ingunn Gunnlaugsdóttir BH í einliðaleik kvenna í B-flokki. Reykjavíkurmeistarar í tvíliðaleik karla í B-flokki eru Gústav Nilsson TBR og Sebastían Vignisson BH. Ekki var leikið í tvíliðaleik kvenna. Reykjavíkurmeistarar í tvenndarleik í B-flokki eru mæðginin Gústav Nilsson og Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir TBR.

Apríl

U15 – U19 landslið Íslands var valið í mars. Landsliðið tekur þátt í Danish Junior mótinu sem fer fram í Farum í Danmörku í lok maí. U17 landsliðið skipa Gústav Nilsson TBR, Steinþór Emil Svavarsson BH, Júlíana Karítas Jóhannsdóttir TBR, Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR, Andri Broddason TBR, Brynjar Már Ellertsson ÍA, Halla María Gústafsdóttir BH, Katrín Vala Einarsdóttir BH, Elís Þór Dansson TBR, Eysteinn Högnason TBR, Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH og Þórunn Eylands Harðardóttir TBR. Þjálfarar og farastjórar ferðarinnar voru Kristinn Ingi Guðjónsson BH og Kristófer Darri Finnsson TBR.

Í apríl fór Meistaramót Íslands fram í TBR húsinu við Gnoðarvog. Mótið var hluti af mótaröð BSÍ og gaf stig á styrkleikalista. Til keppni voru skráðir 117 leikmenn frá sex félögum, Aftureldingu, BH, Hamri, ÍA, KR, TBR. Flestir keppendur komu úr TBR eða 60 en næst fjölmennastir voru BH-ingar sem voru 31 talsins. Íslandsmeistarar í meistaraflokki urðu: Í einliðaleik Kári Gunnarsson TBR og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Í tvíliðaleik Daníel Jóhannesson og Jónas Baldursson TBR og Margrét Jóhannsdóttir og Sigríður Árnadóttir TBR. Í tvenndarleik: Kristófer Darri Finnson TBR og Erla Björg Hafsteinsdóttir BH. Íslandsmeistarar í A-flokki urðu: Símon Orri Jóhannsson TBR og Halla María Gústafsdóttir BH. Í tvíliðaleik: Haraldur Guðmundsson og Jón Sigurðsson TBR og Áslaug Jónsdóttir og Magnea Guðrún Gunnarsdóttir TBR. Í tvenndarleik: Egill Sigurðsson og Magnea Guðrún Gunnarsdóttir TBR. Íslandsmeistarar í B-flokki urðu: Í einliðaleik: Davíð Örn Harðarson ÍA og María Rún Ellertsdóttir ÍA. Í tvíliðaleik: Birgir Hilmarsson og Hallur Helgason og Arndís Sævarsdóttir og Sunna Karen Ingvarsdóttir Hamri/Aftureldingu. Í tvenndarleik: Gústav Nilsson og Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir TBR. Íslandsmeistari í einliðaleik í Æðstaflokki var Reynir Guðmundsson KR og í tvíliðaleik Gunnar Þór Gunnarsson og Sigfús B. Sverrisson. Íslandsmeistari í einliðaleik í Heiðursflokki var Gunnar Bollason TBR.

Valið var í Sumarskóla Badminton Europe sem verður haldinn í 37. skipti í sumar og að þessu sinni verður hann í Slóveníu. Þessir voru valdir: Tómas Sigurðarson TBR, Sigurður Patrik Fjalarson TBR, Stefán Árni Arnarson TBR, Katrín Vala Einarsdóttir BH, Karolina Prus BH og Anna Alexandra Petersen TBR . Pontius Rydström, þjálfari ÍA, fer sem fararstjóri hópsins en hann fer jafnframt á þjálfaranámskeið sem er haldið á vegum Badminton Europe á sama stað.

Hluti Afrekshóps keppti á alþjóðlega króatíska mótinu um páskana auk Örnu Karen Jóhannsdóttir TBR og Jónasar Baldurssonar TBR.

Landsliðsþjálfarar völdu í apríl þátttakendur fyrir Íslands hönd í æfingabúðir sumarsins, Nordic Camp og North Atlantic Camp. Í Nordic Camp í Færeyjum fara María Rún Ellertsdóttir ÍA, Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR, Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR, Gabríel Ingi Helgason BH, Steinþór Emil Svavarsson BH og Gústav Nilsson TBR. Kristófer Darri Finnsson fer sem þjálfari á þjálfaranámskeið sem er haldið meðfram búðunum og hann fer einnig sem fararstjóri hópsins.

Í North Atlantic Camp voru valin Máni Berg Ellertsson ÍA, Einar Óli Guðbjörnsson TBR, Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH, Brynjar Már Ellertsson ÍA, Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH, Sigurbjörg Árnadóttir TBR, Lilja Bu TBR og Rakel Rut Kristjánsdóttir BH.

Fært var á mill flokka í lok apríl. Þessir voru færðir á milli flokka. Í A-flokk færðust Eva Margit Atladóttir TBR, María Rún Ellertsdóttir ÍA, Davíð Örn Harðarson ÍA, Gústav Nilsson TBR, Sigurður Patrik Fjalarson TBR, Stefán Árni Arnarson TBR, Steinþór Emil Svavarsson BH og Tómas Sigurðarson TBR. Í Meistaraflokk færðust Aron Óttarsson TBR, Elís Þór Dansson TBR, Símon Orri Jóhansson TBR, Anna Alexandra Petersen TBR, Halla María Gústafsdóttir BH, Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR, Karolina Prus BH, Katrín Vala Einarsdóttir BH, Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH og Una Hrund Örvar BH.

Kristján Daníelsson, formaður Badmintonsambands Íslands, sat ársþing evrópska badmintonsambandsins í Króatíu í apríl.

Þá fór Kristján Daníelsson einnig til Bangkok, Tælandi á ársþing alþjóðlega badmintonsambandsins.

Æfingabúðir voru haldnar fyrir landsliðshópa U13-U19, A-landsliðshóp og Afrekshóp Badmintonsambandsins nokkrum sinnum í vetur. Æfingarnar voru í TBR húsunum.

Auk ofangreindra viðburða á tímabilinu 2017 – 2018 fóru fram tugir badmintonmóta á vegum aðildarfélaga BSÍ.

Færslur á milli flokka á starfsárinu

Eftirtaldir leikmenn voru færðir á milli flokka á árinu:

Leikmenn færðir í A-flokk:

Brynja Pétursdóttir ÍA
Eva Margit Atladóttir TBR
María Rún Ellertsdóttir ÍA
Friðrik Veigar Guðjónsson ÍA

Davíð Örn Harðarson ÍA
Gústav Nilsson TBR
Sigurður Patrik Fjalarson TBR
Stefán Árni Arnarson TBR
Steinþór Emil Svavarsson BH
Tómas Sigurðarson TBR

Leikmenn færðir í Meistaraflokk:

Aron Óttarsson TBR
Elís Þór Dansson TBR
Símon Orri Jóhansson TBR

Anna Alexandra Petersen TBR
Halla María Gústafsdóttir BH
Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR
Karolina Prus BH
Katrín Vala Einarsdóttir BH
Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH
Una Hrund Örvar BH

Úrslit móta á starfsárinu

Deildakeppni BSÍ 2018

Meistaradeild:

1. TBR Ljóshraði
2. TBR Ástarpungar

A-deild:

1. TBR / HAMAR – Öllarar - Sleggjur
2. BH Mafían

B-deild:

1. TBR/UMFA Hákarlar
2. TBR/UMFA/HAMAR – Jaxlar

Íslandsmót unglinga 2018

U11 Einliðaleikur snáðar
1 Máni Berg Ellertsson ÍA
2 Viktor Freyr Ólafsson ÍA

U11 Einliðaleikur snótir
1 Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH
2 Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir TBS

U11 Tvíliðaleikur snáðar
1 Máni Berg Ellertsson ÍA
Viktor Freyr Ólafsson ÍA
2 Arnar Freyr Fannarsson ÍA
Arnór Valur Ágústsson ÍA

U11 Tvíliðaleikur snótir
1 Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH
Katla Sól Arnarsdóttir BH
2 Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir TBS
Sigurlaug Sara Kristjánsdóttir TBS

U11 Tvenndarleikur snáðar/snótir
1 Máni Berg Ellertsson ÍA
Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH
2 Arnar Freyr Fannarsson ÍA
Sóley Birta Grímsdóttir ÍA

U13 A Einliðaleikur hnokkar
1 Eiríkur Tumi Briem TBR
2 Einar Óli Guðbjörnsson TBR

U13 A Einliðaleikur tátur
1 Lilja Bu TBR
2 Sigurbjörg Árnadóttir TBR

U13 B Einliðaleikur hnokkar
1 Enok Atli Reykdal Samherji
2 Ágúst Páll Óskarsson Afturelding

U13 B Einliðaleikur tátur
1 Margrét Sigurðardóttir TBS
2 Isabella Ósk Stefansdóttir TBS

U13 Tvíliðaleikur hnokkar
1 Daníel Máni Einarsson TBR
Eiríkur Tumi Briem TBR
2 Einar Óli Guðbjörnsson TBR
Jónas Orri Egilsson TBR

U13 Tvíliðaleikur tátur
1 Lilja Bu TBR
Sigurbjörg Árnadóttir TBR
2 Guðbjörg Skarphéðinsdóttir BH
Hjördís Eleonora BH

U13 Tvenndarleikur hnokkar/tátur

1 Steinar Petersen TBR
Sigurbjörg Árnadóttir TBR
2 Einar Óli Guðbjörnsson TBR
Lilja Bu TBR

U15 A Einliðaleikur sveinar

1 Steinþór Emil Svavarsson BH
2 Gústav Nilsson TBR

U15 A Einliðaleikur meyjar

1 Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR
2 María Rún Ellertsdóttir ÍA

U15 B Einliðaleikur sveinar

1 Þorleifur Fúsi Guðmundsson BH
2 Jón Sverrir Árnason BH

U15 B Einliðaleikur meyjar

1 Sara Bergdís Albertsdóttir BH
2 Natalía Ósk Óðinsdóttir BH

U15 Tvíliðaleikur sveinar

1 Gústav Nilsson TBR
Stefán Árni Arnarsson TBR
2 Hákon Daði Gunnarsson BH
Steinþór Emil Svavarsson BH

U15 Tvíliðaleikur meyjar

1 Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR
Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR
2 Amalía Þórarinsdóttir TBS
Sara Bergdís Albertsdóttir BH

U15 Tvenndarleikur sveinar/meyjar

1 Gústav Nilsson TBR
Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR
2 Gabríel Ingi Helgason BH
María Rún Ellertsdóttir ÍA

U17 A Einliðaleikur drengir

1 Brynjar Már Ellertsson ÍA
2 Andri Broddason TBR

U17 A Einliðaleikur telpur

1 Katrín Vala Einarsdóttir BH
2 Halla María Gústafsdóttir BH

U17 B Einliðaleikur drengir

1 Gísli Marteinn Baldvinsson TBS
2 Magnús Már Magnússon KR

U17/U19 B Einliðaleikur telpur

1 Kristín Magnúsdóttir KR
2 Ísabella Mist Heiðarsdóttir BH

U17 Tvíliðaleikur drengir

1 Brynjar Már Ellertsson ÍA
Davíð Örn Harðarson ÍA
2 Sigurður Patrik Fjalarsson TBR
Tómas Sigurðarson TBR

U17 Tvíliðaleikur telpur

1 Halla María Gústafsdóttir BH
Katrín Vala Einarsdóttir BH
2 Anna Alexandra Petersen TBR
Karolina Prus BH

U17 Tvenndarleikur drengir/telpur

1 Brynjar Már Ellertsson ÍA
Katrín Vala Einarsdóttir BH
2 Andri Broddason TBR
Halla María Gústafsdóttir BH

U19 A Einliðaleikur piltar
1 Elís Þór Dansson TBR
2 Eysteinn Högnason TBR

U19 B Einliðaleikur piltar
1 Sebastían Vignisson BH
2 Kristján Ásgeir Svavarsson BH

U19 Tvíliðaleikur piltar
1 Bjarni Þór Sverrisson TBR
Eysteinn Högnason TBR
2 Jóhannes Orri Ólafsson KR
Kristinn Breki Hauksson BH

U19 A Einliðaleikur stúlkur
1 Þórunn Eylands TBR
2 Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH

U19 Tvíliðaleikur stúlkur
1 Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir ÍA
Þórunn Eylands TBR
2 Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH
Una Hrund Örvar BH

U19 Tvenndarleikur piltar/stúlkur
1 Einar Sverrisson TBR
Þórunn Eylands TBR
2 Þórður Skúlason BH
Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH

BH var valið prúðasta lið mótsins.

Meistaramót Íslands 2018

Meistaraflokkur:

Einliðaleikur karla:
1. Kári Gunnarsson TBR
2. Róbert Þór Henn TBR

Einliðaleikur kvenna:
1. Margrét Jóhannsdóttir TBR
2. Sigríður Árnadóttir TBR

Tvíliðaleikur karla:
1. Daníel Jóhannesson / Jónas Baldursson TBR
2. Davíð Bjarni Björnsson / Kristófer Darri Finnsson TBR

Tvíliðaleikur kvenna:
1. Margrét Jóhannsdóttir / Sigríður Árnadóttir TBR
2. Erla Björg Hafsteinsdóttir / Snjólaug Jóhannsdóttir BH / TBR

Tvenndarleikur:
1. Kristófer Darri Finnsson / Erla Björg Hafsteinsdóttir BH / TBR
2. Kári Gunnarsson / Snjólaug Jóhannsdóttir TBR

A-flokkur:

Einliðaleikur karla:
1. Símon Orri Jóhannsson TBR
2. Einar Sverrisson TBR

Einliðaleikur kvenna:
1. Halla María Gústafsdóttir BH
2. Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH

Tvíliðaleikur karla:
1. Haraldur Guðmundsson / Jón Sigurðsson TBR
2. Indriði Björnsson / Ingólfur Ingólfsson TBR

Tvíliðaleikur kvenna:
1. Áslaug Jónsdóttir / Magnea Guðrún Guðlaugsdótir TBR
2. Hrund Guðmundsdóttir / Þóra Bjarnadóttir Hamar / TBR

Tvenndarleikur:
1. Egill Sigurðsson / Magnea Guðrún Gunnarsdóttir TBR
2. Einar Sverrrisson / Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR

B-flokkur:

Einliðaleikur karla:
1. Davíð Örn Harðarson ÍA
2. Tómas Sigurðarson TBR

Einliðaleikur kvenna:
1. María Rún Ellertsdóttir ÍA
2. Sunna Karen Ingvarsdóttir Afturelding

Tvíliðaleikur karla:
1. Birgir Hilmarsson / Hallur Helgason TBR
2. Gabríel Ingi Helgason / Steinþór Emil Svavarsson BH

Tvíliðaleikur kvenna:
1. Arndís Sævarsdóttir / Sunna Karen Ingvarsdóttir Afturelding
2. Anna Ósk Óskarsdóttir / Ingunn Gunnlaugsdóttir BH

Tvenndarleikur:
1. Gústav Nilsson / Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir TBR
2. Kristján Arnór Kristjánsson / Rakel Rut Kristjánsdóttir BH

Æðsti flokkur (50+):

Einliðaleikur karla:
1. Reynir Guðmundsson KR
2. Árni Haraldsson TBR

Tvíliðaleikur karla:

1. Gunnar Þór Gunnarsson / Sigfús B. Sverrisson TBR
2. Alexander Eðvarðsson / Egill Magnússon TBR / Afturelding

Heiðursflokkur (60+):

Einliðaleikur karla:

1. Gunnar Bollason TBR
2. Hannes Ríkarðsson TBR

Landsliðsmál

Landsliðsferð til Danmerkur 2017

Ferðin var í lok maí og ákveðið var að senda á Danish Junior Open i Danmörku vegna þess að þetta mót gefur kost á að skrá krakkana í mismunandi aldurs- og styrkleikaflokka. Einnig gátum við stækkað hópinn, vegna minni kostnaðar. Við ákáðum að dreifa valinu á 4 árganga, til þess að koma yngri stelpunum fyrr á alþjóðlegt mót.

Valdir voru: Andri Broddason TBR, Bjarni Þór Sverrisson TBR, Brynjar Már Ellertsson ÍA, Einar Sverrisson, Eysteinn Högnason TBR, Þórður Skúlason BH, Andrea Nilsdóttir TBR, Halla María Gústafsdóttir BH, Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR, Karolina Prus KR, Katrín Vala Einarsdóttir BH og Þórunn Eylands TBR.

Við skráðum Karolínu, Júlíönu og Katrínu Völu í U15M, Þórunni og Andreu í U17/U19M og restina í U17/U19A.

Krakkarnir fengu öll jafna leiki og gerðu sitt besta í leikjunum. Þau yngstu áttu á brattan að sækja en Katrín Vala stóð sig mjög vel í M-flokknum og vann einn leik í riðlinum í einliðaleik. Þá unnu Brynjar, Einar, Bjarni og Þórður sína riðla og Þórður fór í undanúrslit þar sem hann mætti strák sem lagði 3 íslendinga á leið sinni í úrslitin. Einar og Eysteinn fóru í úrslit í tvíliðaleik og stóðu sig mjög vel. Þórunn og Andrea komust í undanúrslit í M- flokknum í tvíliðaleik og spiluðu mjög gott mót.

Það er ljóst að krakkarnir eiga ennþá langt í land til að komast upp í efsta flokkinn en ég sé framfarir hjá öllum. Við verðum þó ennþá að vera duglegri að gera tækni- og fótaburðaræfingar með spilurunum og gjarnan frá því að þau eru enn yngri. Kjartan var fararstjóri og aðstoðarþjálfari í ferðinni og hann var mjög áhugasamur um hversu góðir yngstu krakkarnir voru og ég vona að hann komi heim með góða innspýtingu í þjálfun yngstu flokkana.

Ég hvatti alla krakkana til að drífa sig út og taka þátt í 2-4 svona mótum á ári. Það kostar ekki mikið að ferðast til Danmerkur þessa dagana, gengi krónunnar er hagstætt og það má alltaf spyrja hvort það sé hægt að sofa í höllinnni þar sem spilað er til að spara á gistingunni. Ég myndi vilja sjá alla þessa bestu krakka frá U13 (jafnvel U11) og uppúr byrja að fara út og keppa. Það hjálpar krökkunum og þjálfurunum að sjá hvar við erum og hvað við þurfum að bæta.

Ef einvher vill ráðgjöf og hjálp við að finna slík mót, er sá hinn sami velkominn til að hafa samband við mig!

Tinna Helgadóttir
Landsliðsþjálfari

Nordic Camp 2017 – Kristiansand, Noregi

Leikmenn Íslands: Karolina Prus (KR), Katrín Vala Einarsdóttir (BH), Júlíana Karitas Jóhannsdóttir (TBR), Steinþór Emil Svavarsson (BH), Sigurður Patrik Fjalarsson (KR) og Gústav Nilsson (TBR). Þjálfari og fararstjóri: Einar Óskarsson (Aftureldingu).

Aðrar þjóðir: Noregur, Finland, Svíþjóð og Færeyjar.

Dagur 1:

Á fyrstu æfingu dagsins fengu allir leikmenn tækifæri til að kynnast betur í gegnum leiki og skemmtilegar badminton æfingar/spil. Á þessari æfingu vantaði Færeyingana en þeir skiluðu sér um hádegi og þá var skipt um gír og allir þreyttu hlaupapróf, svokallað Yo-yo test! Eftir kvöldmat var svo hörkuæfing með 2 á móti 1 æfingum.

Dagur 2:

Ræst kl. 7.30 en samt voru margir Íslendingar seinir í morgunskokkið kl. 7.40! Malasíski þjálfarinn lofaði stífum refsingum fyrir þá sem mættu seint á morgun!

Eftir létt skokk og teygjur var boðið upp á morgunmat og svo badminton æfingu kl. 9-11. Þá fóru stelpurnar yfir í samliggjandi höll og æfðu þar undir handleiðslu hinnar sænsku Emilie. Strákarnir tóku á því undir handleiðslu hins finnska Aape. Á báðum stöðum var unnið með öryggi og mikið af 2 á móti 1. S.s. mikil keyrsla. Í lok æfingar stjórnaði ég skynmyndaþjálfun fyrir allan hópinn sem fæstir höfðu prófað áður.

Í hádeginu var boðið upp á meira brauð, Norðmenn eru sjúkir í brauð!

Eftir hádegi var aftur skipt í hópa. Sænsku og finnsku krakkarnir æfðu með mér og þjálfurum frá Noregi og Færeyjum, krakkarnir okkar með þeim norsku og færeysku undir handleiðslu finnska og sænska þjálfarans. Áherslan var á tvíliðaleik en ákefðin áfram há.

Eftir kvöldmat var svo boðið upp á 3 umferðir af leikjum, tvenndar, einliða og tvíliða. Gústi og Steinþór þurftu báðir að hætta vegna meiðsla. Gústi keypti samt hlíf fyrir olnbogann í dag og fékk meðhöndlun hjá sjúkraþjálfara. Steinþór hittir sjúkraþjálfara í fyrramálið vegna eymsla í baki.

Líklega álagsmeiðsli hjá báðum en það er ekkert grín að hoppa inn í 3 æfingar á dag eftir badmintonlaust sumarfrí! (Hafa í huga fyrir framtíðina). Stemningin í hópnum er samt góð og allir fara sáttir að sofa!

Dagur 3:

Allir mættu á réttum tíma í morgunhlaupið kl 7.40
Eftir morgunmat var byrjað á stuttum sprettum sem ekkert okkar hafði prófað áður, svokölluðum T sprettum. Það var góð keyrsla í 30 mín og allir lögðu sig mikið fram. Steinþór fór á sama tíma í meðhöndlun hjá sjúkraþjálfara sem færði honum góðar fréttir að þetta væri í bakvöðvunum svo hægt er að meðhöndla. Eftir spretti var klukkutíma löng tækniæfing þar sem búið var að raða krökkunum niður á fjóra hópa eftir því sem þjálfarar töldu best henta hverjum og einum. Júlíana vann með högg aftan af velli og sérstaklega undirbúning (preperation). Siggi og Kata unnu með bakhönd. Karó, Gústi og Steinþór unnu með netspil.
Eftir hádegi var erfið æfing þar sem unnið var með spila öryggi. Langar lotur en allir að leggja hart að sér!

Eftir þá æfingu var Gústi að drepast í hendinni og ég skipaði honum að hvíla alfarið. Það fór ekki vel í hann þar sem leikin var liðakeppni um kvöldið og vildi hann auðvitað vera með! Steinþór fann að bakið

var ekki nógu gott fyrir keppni þannig að hann fékk líka hvíld. Þá voru góð ráð dýr en við stilltum upp sameiginlegu liði með Færeyingunum sem eru fámennari en hin löndin.

Eftir tvö töp gegnum sterkum liðum Svía og Finna var leikið við Noreg. Siggi og Júlíana unnu tvenndarleik í oddi 11-9 og gáfu liðinu byr undir báða vængi! Miriam frá Færeyjum vann svo einliðaleik og fyrir síðasta leikinn gátum við náð 3-3 jafntefli með sigri í tvíliða kvenna. Kata og Karó spiluðu hörkuleik og unnu að lokum 11-9 í oddi!! Þá var gripið til golden set, úrslitalotu, og dæmdist það á Sigga og Júlíönu. Þau gerðu sitt besta en norska parið var of sterkt og vann 11-4. Ég er samt mjög ánægður með vinnuframlagið í kvöld, sem og almennt á æfingum hér úti. Allir Íslendingarnir sem spiluðu í kvöld unnu a.m.k. einn leik! Vonandi ná þau að taka hluta af þessari stemmningu með sér heim og hífa upp metnaðinn hjá sér og æfingafélögum sínum!

Dagur 4:
Morgunskokkið og teygjur í sólinni kl 7.40!

Kl 9-11 var boðið upp á hörkufína badmintonæfingu þar sem sex þjálfarar voru hver með eina æfingastöð sem allir fengu að prófa í 10 mín. Verið að vinna með "multi-feed", þ.e. þjálfarar að mata krakkana með mörgum kúlum. Mikil keyrsla en mikil fjölbreytni.

Eftir hádegismat var lagt af stað í göngutúr að Baneheia útivistarsvæðinu. Sólin skein og flestir skelltu sér til sunds í stöðuvatninu, enda um eða yfir 25° og því þörf á kælingu! Þarna slökuðum við á í nokkra tíma áður en við löbbuðum í gegnum gamla bæinn og niður á höfn. Þar buðu stelpurnar strákunum upp á ís, því þeir höfðu ekki tekið pening með. Svo var gengið aftur heim og þjálfararnir grilluðu hamborgara ofan í gengið! Svo var frjáls tími um kvöldið til að spila badminton, slaka á með vinunum og hanga í símanum!! (Sem ég hef verið að banna þeim mikið í ferðinni!)

Morgunskokk í fyrramálið og svo ein æfing enn!

Dagur 5:
Morgunskokk og teygjur í sólinni kl. 7.40!
Boðið var upp á mjög erfiða æfingu þar sem unnið var með snerpu og úthald. Þetta reyndist öllum leikmönnum mjög erfitt og ýtti öllum langt út fyrir þægindarammann! Það var finnski þjálfarinn sem stjórnaði æfingunni og kallaði æfingarnar „kínverskan fótaburð“. Eftir þessa síðustu og örugglega erfiðustu æfinguna var endað á hugarþjálfun að ósk leikmanna!
Farið var í tiltekt og frágang eftir æfingu en síðan hélt íslenski hópurinn í bæjarferð ásamt finnska hópnum. Eftir góðan eftirmiðdag í sólinni tók við ferðalag frá Kristiansand til Kaupmannahafnar og áfram til Íslands, þar sem foreldrar tóku vel á móti börnunum sínum!

Ég tel að leikmenn hafi fengið mikið út úr þessum æfingabúðum og vona að þau hafi fengið hvatningu til að halda áfram að æfa vel og bæta sig! Vonandi heldur þetta norræna samstarf áfram á næstu árum!
Einar Óskarsson

Afrekshópur – Lettland og Litháen

Afrekshópurinn fór á Future Series mótin í Lettlandi og Litháen dagana 1-11 júní. Í ferðina fóru Kristófer Darri Finnsson, Daníel Jóhannesson, Davíð Bjarni Björnsson, Eiður Ísak Broddason, Margrét Jóhannsdóttir, Sigríður Árnadóttir og Arna Karen Jóhannsdóttir (bara Litháen). Mótin gefa stig á heimslistann og eru lægst rönkuðu mótin á Evrópsku Mótaröðinni. Hópurinn fór á sömu mót í fyrra og nú hafa allir í hópnum farið á a.m.k. 6 alþjóðleg mót og eru orðin betri í að höndla að spila í mismunandi höllum og við mismunandi andstæðinga.

Fyrir mótin setti landsliðsþjálfari upp eftirfarandi markmið:

1. Að koma einum strák í gegnum undankeppnina í einliðaleik.
2. Að Margrét komist í áttaliðaúrslit.
3. Að tvíliða/tvenndarleikspar fari í áttaliðaúrslit í fyrra mótinu og undanúrslit í því seinna.

Við náðum öllum markmiðunum nema að komast í undanúrslit og það munaði einu stigi að það næðist. Kristófer og Margrét töpuðu 27-25 í oddalotu í áttaliðaúrslitum í Litháen og áttu 3 matchbolta. Ég hefði gjarnan viljað hafa markmiðið fyrir Margéti að komast í undanúrslit en þegar ég horfði á dráttinn í mótin var það ekki raunhæft. Það er mikilvægt að krakkarnir læri að setja sér markmið þegar þau fara á þessi mót, þannig að þau séu að færast áfram í kerfinu.

Lettland

Við áttum mjög gott mót strákamegin í Lettlandi. Allir strákarnir unnu leik í undankeppninni í einliðaleik og Kristófer fór alla leið inn í aðalmótið, í fyrsta skipti sem hann gerir það, fyrir utan á Iceland Interantional. Hann spilaði mjög vel og hefur bætt sig mikið. Í fyrra vorum við öll að berjast við að halda boltanum í spili og misstum mikið útaf í lengdina en í þetta skiptið voru allir mun betri í að spila lengri rallý og passa sig á unforced-errors.

Í tvíliðagreinunum áttum við 4 pör í áttaliðaúrslitum, sem þýðir að allir krakkarnir voru að spila fram á laugardagskvöld. Krakkarnir eru orðin mun sterkari í tvíliða- og tvenndarleik og eru farin að spila meira eins og maður spilar alþjóðlega. Eftir mótið horfðu krakkarnir á upptökur af leikjunum sínum og greindu hvað þau vildu bæta í samspilinu.

Eftir mótið í Lettlandi fórum við í rútu sem mótshaldararnir í Litháen stóðu fyrir og keyrði okkur til Kaunas.

Litháen

Þá daga sem við vorum ekki að spila nýttum við að sjálfsögðu í æfingar, svo sem fótaburð á strandblaksvelli, tröppuhlaup og badmintonæfingar. Strákarnir voru mikið að æfa milli- og flataspilið í tvíliða- og tvenndarleik og stelpurnar vörn í einliðaleik.

Margrét átti mjög gott mót í Litháen. Hún vann tvo einliðaleiki örugglega og spilaði sérstaklega vel í fyrsta leiknum þar sem hún mætti stelpu sem hún hafði verið í hörku leik við áður. Í áttaliðaúrslitunum mætti hún mjög sterkri danskri stelpu sem hún átti ekki roð í. Hún átti lélega fyrstu lotu, en spilaði mjög vel í lotu 2. Þá spiluðu hún og Kristófer ótrúlega flottann tvenndarleik. Hér verð ég að hrósa Kristófer aftur, hann er farinn að spila á mun hærra leveli en hann hefur áður. Þau voru hársbreidd frá að komast í undanúrslit og ég sá þau vaxa með hverjum leiknum.

Hugleiðingar og framtíð

Það er rosalega mikilvægt að fólk heima á Íslandi sé með fókus á "skrefunum" sem krakkarnir taka. Þegar ég ber þessi mót saman við mótin í fyrra, þá erum við orðin mun reyndari og betri í að höndla pressuna sem fylgir svona ferðalögum. Þá sé ég mikinn mun á því spili sem við náum, við erum ekki lengur bara að reyna að klára boltana strax, við reynum að spila rallý og halda mistökum í lágmarki.

Krakkarnir verða þó að vera duglegri að fara út sjálf. Það er alvarlegt mál ef að þau fara ekki að taka frumkvæði og skrá sig í mót og skilja að það er ekki hægt að ætlast til að allt sé borgað fyrir þau, þau verða að nota sína eigin peninga í þetta líka. Þau þurfa líka að reyna að finna sér styrktaraðila og biðja foreldra sína um hjálp, ég veit að það er ekki sérstaklega íslenskt að "fullorðið" fólk fái hjálp frá foreldrum sínum til að fara erlendis að keppa, en það er mjög eðlilegt í flestum öðrum löndum. Þetta er hugarfarsbreyting sem þarf að tala um frá því að krakkarnir eru yngri.

Tinna Helgadóttir
Landsliðsþjálfari

Thomas & Uber Cup 2018 – Kazan, Rússlandi

Leikmenn: Arna Karen Jóhannsdóttir, Margrét Jóhannsdóttir, Sigríður Árnadóttir og Þórunn Eylands. Daníel Jóhannesson, Davíð Bjarni Björnsson, Kári Gunnarsson og Kristófer Darri Finnsson.

Við fórum með krakkana til Kazan í Rússlandi þar sem við tókum þátt í Evrópumóti landsliða. Fyrir ferðina voru sett eftirfarandi markmið:

- Að verða í 2 sæti í riðlinum í karlakeppninni.
- Að verða í 3 sæti í riðlinum í kvennakeppninni

Riðillinn hjá kvennaliðinu: Danmörk, Svíþjóð, Ísland, Ísrael.

Stelpurnar byrjuðu á að spila við Ísrael. Margrét tapaði því miður 1. einliðaleik eftir að hafa unnið lotu 1 nokkuð auðveldlega og vera 11-3 yfir í annarri. Sigríður vann 2. einliðaleik og spilaði mjög vel á mót ungri ísraelskri stelpu. Arna Karen náði sér ekki á strik og tapaði naumlega 21-18 og 24-22 fyrir stelpu sem hún hefði átt að vinna. Margrét og Sigríður sýndu yfirburði í 1. tvíliðaleik og jöfnuðu leikinn 2-2. Við töpuðum því miður 2. tvíliðaleik nokkuð örugglega og markmiðið um að ná þriðja sætinu í riðlinum var því næstum út úr myndinni.

Næsti leikur var við Svíþjóð og hérna áttum við erfitt uppdráttar í öllum leikjunum. Margrét sýndi góða takta í fyrstu lotunni í einliðaleiknum sínum, sem og að hún og Sigríður spiluðu mjög vel á móti sterku sænsku pari sem hafði unnið leik á móti dönunum daginn áður.

Við áttum svo dani í lokaleiknum. Fyrir leikinn settum við aukamarkmið - stelpurnar þyftu að ná 80 stigum sem lið. Þær börðust eins og ljón í gegn um leikina og þrátt fyrir að eiga enga möguleika á að vinna, fögnuðu þær hverju stigi. Það var ljóst fyrir seinasta leikinn að
80 stig yrðu nær ómöguleg, þegar við vorum bara búin að skora 58, þannig að markmiðið var lækkað í 70 stig. Arna og Þórunn skoruðu sjötugasta stigið þegar staðan var 18-4 fyrir þær dönsku í síðustu lotunni og við gátum klárað mótið með litlum sigri fyrir liðið.

Riðillinn hjá karlaliðinu: Þýskaland, Ísland, Lúxemburg, Azerbaijan.

Strákarnir byrjuðu á að spila við Þýskaland og áttu ekki roð í þá. Við töpuðum öllum lotum stórt og vorum því miður ekki nálægt þeim tæknilega né spilalega séð.

Annar leikurinn var við Azerbaijan, sem hafði tapað fyrir Lúxemburg daginn áður. Við vissum því að þetta væri leikur sem við ættum að vinna, þrátt fyrir að Azerbaijan hefði indónesa í 3 einliðaleik sem var þeirra besti leikmaður. Strákarnir kláruðu þennan leik örugglega og unnu alla leikina létt, nema 3. einliðaleik þar sem Daníel átti erfitt með að ná spili á móti indónesanum.

Við kláruðum mótið á móti Lúxemburg sem við vissum að yrði erfiður leikur. Kári vann Robert Mann í 1. einliðaleik nokkuð örugglega og Kristófer sýndi yfirburði á móti Mattias Sonderskov í 2. einliðaleik. Daníel tapaði svo naumlega fyrir Juno Thomas og staðan var því 2-1 fyrir tvíliðaleikina. Kristófer og Davíð spiluðu flottann leik á móti sterkum Lúxemborgurum og unnu í þremur lotum og þar af leiðandi var annað sætið í riðlinum staðreynd. Kári og Daníel unnu síðasta leikinn örugglega.

Það var möguleiki að annað sætið kæmist upp úr riðlinum, en þar sem að við töpuðum 5-0 fyrir Þýskalandi, sem og töpuðum leik á móti báðum hinum liðunum náðum við ekki að blanda okkur í þá baráttu. Við náðum þó markmiðinu og gaman að segja frá því að 2. sætið í riðlinum á Evrópumóti var einnig markmið í afreksstefnunni, sem við vildum ná fyrir 2022.

Tinna Helgadóttir og Atli Jóhannesson
landsliðsþjálfarar

Skýrsla landsliðsþjálfara

Landsliðsstarfið á tímabilinu 2017-2018

Landsliðsstarfinu hefur verið þannig háttað undanfarið tímabil að við vinnum með 4 kjarnahópa af spilurum.

Afrekshópur: við veljum þá spilara við teljum að geti náð upp í topp 100 í sinni grein innan 4 ára. Þessir aðilar þurfa að vera tilbúnir til að æfa meira en hinir, fara út að keppa að eigin frumkvæði og vera með markmið um að stefna hátt í sinni grein. Hér eru 4-5 spilarar sem fá 3-4 mót á ári og fleiri æfingar og meiri eftirfylgni en aðrir spilara.

Framtíðarhópur: hér eru spilarar sem við teljum að séu ekki komnir á það level alþjóðlega til að vera í afrekshópnum en við trúum að þeir geti náð þar upp innan fárra ára. Við veljum einnig gjarnan nokkra spilara úr U17 og U19 sem sýna vilja til að æfa mikið og áhuga á að helga sig badmintoninu. Við erum ekki með fasta tölu fyrir þennan hóp og spilararnir fá 1-2 mót á ári, sem og fleiri æfingar og meiri eftirfylgni en hinir spilararnir.

Úrvalshópur unglinga: í þennan hóp veljum við bestu, efnilegustu og duglegustu unglingana og endurskoðum hann í ágúst og janúar. Það eru u.þ.b. 30 spilarar í hópnum og þau eru á æfingum hjá Atla annan hvern föstudag og eru valin í allar æfingabúðir þegar ég kem heim.

Úrvalshópur fullorðinna: í þennan hóp veljum við bestu spilarana í Meistaraflokki, sem ekki falla undir Afreks- og Framtíðarhóp og ekki hafa sagt sig úr landsliðsstarfi. Spilararnir í Afreks- og Framtíðarhópi eru líka hluti af þessum hópi. Þau eru á æfingum hjá Atla annan hvern föstudag og eru valin í allar æfingabúðir þegar ég kem heim.

Atli Jóhannesson aðstoðarlandsliðsþjálfari sér um föstudagsæfingarnar og aðstoðar mig þegar við erum með æfingabúðir. Hann fer einnig í landsliðsferðir með unglingalandsliðum og A-hópnum þegar það á við. Hann er með yfirumsjón yfir vali í unglingaferðir og afrekshóp unglinga.

Ég er með yfirumsjón á öllu starfinu, móta stefnuna í samstarfi við Atla, afreks- og landsliðsnefnd og Stjórn BSÍ, vel í hópa og ferðir. Einnig hef ég umsjón með spilurunum og þeirra fókuspunktum, er í samskiptum við þjálfara eftir ferðir og æfingabúðir osfrv. Ég hef verið að koma heim og vera með æfingabúðir 6-8 sinnum á tímabili, sem og vera með þjálfanámskeið að hausti og koma á Iceland International að vori. Í allt eru það milli 8 og 10 ferðir á ári, plús að ég fer með í þau landsliðsverkefni sem ég get.

Markmiðið með þessu öllu er hægt að lesa í afreksstefnunni. Síðastliðin 2 ár hefur aðalmarkmiðið verið að gera U11-U13 hópinn okkar mun betri og byrja almennt fyrr að kenna krökkunum högg og fótaburð, þannig að við getum byggt upp unglingahóp sem er á hærra leveli en við erum með núna.

Hitt markmiðið hefur verið og er ennþá að fá fleiri spilara (og fólkið hérna heima) til að horfa út á við og bera sig saman við spilara í Danmörku - eða á Evróputúrnum - í staðinn fyrir að hafa það alltaf bara sem markmið að vinna Íslandsmótið. Þetta er aðalmarkmiðið með Afrekshópnum, en mér finnst ganga hægt að fá spilarana til að spila nógu mörg mót til að við getum séð hvaða leveli þau eru raunverulega á. Það er nær ómögulegt að koma þeim á fleiri en 5 mót á ári og á meðan að við erum ekki að spila

fleiri mót en það, taka keppinautar okkar úti í heimi bara fram úr okkur á færibandi. Hér hjálpar ekki að senda þau á dýr mót eins og Sudirman Cup, þau þurfa að spila a.m.k. 6-8 og helst 10 stigagefandi mót í Evrópu á ári.

Hér getið þið sem lesið þessa skýrslu verið stór hjálp. Hvetjið ykkar börn til að fara í æfingabúðir í Danmörku á sumrin. Farið með þau út á mót, jafnvel þótt þau séu ekki nema í U13. Ef þið eigið barnabörn sem eru að spila getið þið styrkt þau í að fara á mót. Ef þið eruð "bara" áhugamenn um íþróttina getið þið styrkt spilarana í Afrekshópnum, eða bara verið móralskur stuðningur ("ég sá þú varst úti að keppa á síðustu helgi, flott hjá þér að drífa þig af stað"). Ef þú ert stjórnarmaður í félagi getur þú átt frumkvæði að því að skipuleggja ferð og leitað að styrktaraðilum fyrir krakkana, hjálpað þeim að halda fjáröflun.

Mitt mat er að við komumst ekki upp á næsta level sem badmintonþjóð nema við horfum ÚT Í HEIM og hættum að keppa við hvort annað hérna heima. Það þarf að koma hugarfarsbreyting frá öllum: spilurum, þjálfurum, foreldrum, stjórnarmönnum. Ef við viljum þróa badminton á Íslandi, þá þurfa allir að taka þetta til sín og við þurfum að toga SAMAN í staðinn fyrir að hver sé að toga í sína átt.

Með þökkum fyrir gott ár!

Tinna Helgadóttir

Landsliðsþjálfari

Skýrslur aðildafélaga

Tennis- og badmintonfélag Siglufjarðar

Stofnað 05.12.1964
Ársskýrsla 2018

Aðalfundur TBS var haldinn í Aðalbakarí 18. apríl 2016. Á fundinum voru ársskýrsla og reikningar félagsins samþykktir. Allir í stjórn gáfu kost á sér áfram. Stjórn Tennis- og badmintonfélags Siglufjarðar skipa: María Jóhannsdóttir formaður, Magnús Magnússon gjaldkeri, Vilborg Rut Viðarsdóttir ritari, Ólafur Helgi Marteinsson varaformaður og Bjarni Árnason meðstjórnandi. Átta stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Iðkendur á tímabilinu jan. – apríl voru samtals 44 / 3 hópar. Iðkendur á tímabilinu sept – des. voru samtals 51 / 3 hópar. Í upphafi skólaárs var ákveðið að taka þátt í frístund sem er nýjung í grunnskólanum fyrir 1.-. bekk. Fjögur íþróttafélög buðu fram krafta sína, þ.e badminton, blak, fótbolti og frjálsar íþróttir. TBS

TBS bauð 2.og 3. bekk að koma í badminton sem er frá kl: 13.30 – 14.30 á fimmtudögum í vetur. 22 krakkar voru skráðir og hefur þessi hópur haldið sér. Félagið gaf öllum hópnum nýja spaða. Gísli Marteinn, Hörður Ingi, Alex Helgi og Hrafnhildur Edda voru valin til að mæta á landsliðsæfingu í lok ágúst, áður en æfingatímabilið byrjaði. Gísli, Hörður og Alex mættu. Síðan hefur Alex Helgi verið boðaður áfram til æfinga í vetur og hefur verið farið nokkrar ferðir með hann.

Aðalþjálfari er María Jóhannsdóttir.

Frístundahópurinn með nýju spaðana sína.

Þessi mót sóttum við og héldum.
11.02. Þorlákshöfn B-mót með 19 keppendur 7 gull og 2 silfur
11.-12.03. Ísl,mót unglinga TBR A -mót með 23 keppendur 2 silfur
12.og 14 .apríl Siglufjarðarmót 36 keppendur
12.-13.05 Norðurlandsmót Hrafnagili með 21 keppenda 7 gull og 10 silfur
30.09..-01.okt. Unglingamót KA A-mót með 19 keppendur 2 silfur
01.des. Unglingamót TBS Siglufirði B-mót með 36 keppendur 10 gull og 8 silfur

Í lok árs eru tilnefnir badmintonmenn ársins.
Þessi voru valin: Anna Brynja Agnarsdóttir ung og efnileg.
Hörður Ingi Kristjánsson ungur og efnilegur.

Þessi voru tilnefnd líka: Amalía Þórarinsdóttir og Gísli Marteinn Baldvinsson

Happdrættismiðasala fyrir BSÍ gekk mjög vel, eins og alltaf. Einn vinningur kom í bæinn í þetta sinn.
Fjáröflun: Auglýsingaskilti í íþróttahúsi, firmakeppni og lakkríssala.
Við höfum leiktíma í síðasta tíma fyrir jóla- og páskafrí.
ÚÍF er með Vetrarleika þar sem við erum með opna tíma fyrir gesti og gangandi.
Fjallabyggð veitir frístundastyrk 2017 að upphæð 20.000 fyrir börn frá 4 – 18 ára
Meginmarkmið frístundastyrkja er m.a. að öll börn og unglingar í Fjallabyggð geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.
Fyrirtæki og einstaklingar styðja vel við unglingastarfið hjá okkur og fá þau bestu þakkir fyrir stuðninginn.
Foreldrastarfið er mjög gott, Þau taka virkan þátt í mótum og í ferðalögum.

María Jóhannsdóttir formaður

Verðlaunahafar á desember mótinu okkar

Badmintondeild KR

Stjórn deildarinnar

- Formaður Reynir Guðmundsson
- Ritari Unnur Rán Reynisdóttir
- Gjaldkeri Alexander Tonini
- Meðstjórn: Eyjólfur Gunnarsson, Jóhann Örn Bjarnason og Óskar Bragason

Iðkendur og æfingar

Iðkendum fer fækkandi miðað við undanfarin ár. Skráðir iðkendur voru rúmlega 40 talsins. Deildin hefur haft kjarna keppenda í unglingaflokkum sem verið hefur með þeim sterkustu á Íslandi í sínum aldursflokkum. Nú hefur hluti þessara keppenda hætt æfingum og keppni og aðrir farið í önnur félög sem búa yfir betri aðstöðu heldur en gamla góða KR. Það má segja að deildin standi á upphafsreit hvað varðar keppendur en ágætis áhugi er meðal barna og unglinga sem vilja stunda holla og góða hreyfingu án keppni.
Æfingahópar hafa verið 3 það er byrjendur, þeir sem hafa æft í eitt ár og svo keppnishópur. Vinna þarf að því að fá inn eldri iðkendur. Undanfarin ár hafa allir tímar verið notaðir fyrir barna og unglingastarf. Núna í ljósi þess að okkur helst ekki á unglingum í keppnishóp hefur skapast rými fyrir trimmtíma fullorðinna og munum við auglýsa þessa tíma á haustönn 2018

Keppnir:

KR átti keppendur á mörgum unglingamótum og einnig kepptu okkar sterkustu krakkar á fullorðinsmótum . Árangur okkar keppenda var með ágætum.

- Íslandsmeistarar 2017
  Karolina Prus í tvíliðaleik U-15 ásamt Katrínu Völu BH
  Kristín Magnúsdóttir í einliðaleik B-flokki U-15

- Íslandsmeistarar og silfurverðlaunahafar 2018
  Kristín Magnúsdóttir Íslandsmeistari í einliðaleik B-flokki U-17
  Magnús Már Magnússon silfur í einliðaleik B-flokki U-17
  Jóhannes Orri Ólafsson silfur í tvíliðaleik U-19 ásamt Kristni Breka BH

- Önnur mót
  Karolina Prus, Sigurður Patrik Fjalarsson, Magnús Már Magnússon og Kristín Magnúsdóttir sigruðu í einliða, tvíliða og tvenndarleik á nokkrum mótum.

Mótahald:
Badmintondeild KR hélt tvö opin fullorðinsmót sem eru hlutar mótaröð BSÍ. Það er mikil vinna í kringum þessi mót og mikilvægt fyrir deildina að framkvæmd mótana sé fagleg. Þetta hefst með mikilli vinnu stjórnarmanna og duglegra krakka sem eiga hrós skilið fyrir sinn þátt.

- **Óskarsmótið** sem haldið er í minningu Óskars Guðmundssonar fyrrverandi formanns deildarinnar og margfalds Íslandsmeistara. Keppt er í öllum greinum og flokkum fullorðinna.
- **SET mótið** þar sem keppt var í öllum greinum og flokkum fullorðinna. Mjög góð þátttaka.
- **Haustmót KR** féll niður af óviðráðanlegum ástæðum.

Þjálfarar deildarinnar voru Óskar Bragason og Unnur Rán Reynisdóttir.

Badmintondeild Aftureldingar

Stjórn

- Formaður: Brynja Georgsdóttir
- Haukur Örn Harðarson tók við sem formaður árið 2018
- Gjaldkeri: Haukur Örn Harðarson
- Ritari: Jóna Björg Ólafsdóttir
- Meðstjórnandi: Egill Magnússon

Þjálfarar deildarinnar: Árni Magnússon, Einar Óskarsson og Sunna Ösp Runólfsdóttir

Æfingar og iðkendur

Á vorönn 2017 voru 46 krakkar skráðir iðkendur, 6 í 6-8 ára hópnum, 21 í 9-11 ára , 12 í unglingahóp og 7 aðilar í keppnishóp. Á haustönn þá voru 35 krakkar skráðir, 5 í 6-8 ára hópnum, 14 í 9-11 ára, 11 í unglingahóp og 5 í keppnishóp. Allir hópar deildarinnar æfa þrisvar sinnum í viku og hefur verið æft skv. Teknika æfingakerfinu sem tekið var upp haustið 2016 og hefur mælst vel fyrir.

Starfsemin

Haustönnin hófst í byrjun september og var fljótlega foreldrafundur þar sem stjórn og þjálfarar kynntu fyrirhugaða dagskrá vetrarins. Vinavika var haldin í október, en iðkendum bauðst að taka með sér vin á æfingu. Vikan tókst hún mjög vel og endaði á keiluferð þar sem 27 krakkar mættu. Nokkuð var um nýskráningar eftir þessa viku. Um miðjan október var farið í æfingaferð í Hveragerði en 14 iðkendur fóru í dagsferð. Æft var með iðkendum Hamars, farið í sund og endað á veitingastað. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir og var dagurinn vel heppnaður.

Í lok nóvember var síðan okkar árlega Unglingamót sem er hluti af mótaröð Badmintonsambands Íslands, sú nýbreytni var að halda einliðaleiksmót. Það tókst með ágætum og var vel sótt, það voru í kringum 100 krakkar sem mættu til leiks. Keppt var bæði í A og B flokki sem er nýbreytni. Haustönninni lauk síðan með jólaæfingu, sú hefð hefur skapast

að krakkarnir bjóða foreldrum og systkinum að koma og spila í lokin er síðan pizzuveisla áður en haldið er í jólafrí. Vorönnin hófst í fyrstu viku janúar. Hápunktur vorannar er yfirleitt Íslandsmótið sem haldið er í byrjun mars, en að þessu sinni fóru krakkar á vegum Aftureldingar ekki á mótið. Önninni lauk síðan með foreldraæfingu og pizzuveislu í lokin fyrir yngri hópinn en unglingahópurinn lauk önninni á að fara í keilu og pizzu á eftir.

Iðkendur hafa tekið þátt í mörgum af þeim mótum sem aðildarfélög BSÍ hafa haldið, einkum eru það B mótin sem hafa verið sótt og eins og staðan er núna henta þau iðkendum Aftureldingar betur. Keppnishópurinn sem samanstendur af Trimmurum, hafa sótt flest þau fullorðinsmót sem í boði hafa verið og gengið vel.

Fjáraflanir

Deildin hefur tekið þátt í ruslatínslu á vegum bæjarins að vori og hefur fengið ágætis peningur fyrir. Þátttakendur hafa síðan fengið hluta af þessum pening til niðurgreiðslu á æfingargjöldum.

f.h. Badmintondeildar Aftureldingar

Haukur Örn Harðarson (formaður frá árinu 2018) og Brynja Georgsdóttir, fráfarandi formaður

Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur

Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur var stofnað 1938, og verður því 80 ára á þessu ári. Munu félagar fagna því 1. desember n.k.
Félagið er með alla starfsemi sína að Gnoðarvogi 1, þar sem eru tvö badmintonhús með samtals 17 badmintonvöllum.

Útleiga á badmintontímum
Helstu tekjur TBR er útleiga á badmintontímum til almennings. Vallarleigan í vetur hefur verið á svipuðum nótum og undanfarin ár. Smávegis hefur þó dregið úr leigu fastra tíma, en í staðinn hefur fjölgað þeim einstaklingum sem kaupa 10 tíma kort, eða leigja staka tíma.

Keppnishópur
Keppnishópur fullorðinna í TBR er ágætlega fjölmennur með 38 leikmönnum í vetur. Í keppnishópi eru ungir leikmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í fullorðinsflokki í bland við eldri leikmenn hvort heldur sem er í A-flokki eða Meistaraflokki. Flestir leikmennirnir hafa alist upp hjá TBR frá unga aldri og metnaður þeirra liggur í að æfa vel og standa sig á mótum. Æfingar fyrir keppnishópinn eru öll kvöld vikunnar, en þó er mismunandi hversu mikið hver og einn æfir. Þjálfarar keppnishópsins í vetur eru þeir Árni Þór Hallgrímsson, Atli Jóhannesson, Broddi Kristjánsson og Jónas Huang.

Keppnishópur – Börn og unglingar
Leikmenn í keppnishópi barna og unglinga æfa með keppni í huga og eru margir með það að markmiði að komast í fremstu röð. U11, U13 og U15 samanstendur af 35 leikmönnum og U17 og U19 af 14 leikmönnum.

Þjálfun yngri barna og miniton

Þeir Árni Þór Hallgrímsson og Þorkell Ingi Eriksson eru með tíma fyrir 6-8 ára á þriðjudögum, og Árni og Kristófer Darri Finnsson á föstudögum. Fín mæting hefur verið í tímana í vetur. Aðaláherslan í þessum tímum er að badminton sé skemmtilegt og að það sé gaman. Minitontímarnir, sem eru fyrir yngstu krakkana eru á sunnudögum, og sér María Árnadóttir um þá.

Þjálfun eldri barna og unglinga

Stórir hópar barna og unglinga æfa badminton hjá TBR sem er mjög ánægjulegt. Þessir krakkar æfa með það í huga að þeim þykir gaman að spila og vera með vinum sínum og hreyfa sig. Eru ekki endilega að æfa með keppni í huga.

Skólabadminton

Í vetur var um 500 börnum í 4. bekk úr nokkrum skólum boðið að koma í skólabadminton í eina önn. Krakkarnir úr Langholtsskóla eru reyndar hjá okkur allan veturinn eða á meðan skólaárið varir og eru tímarnir innan stundatöflu skólans. Öll börnin fá gefins spaða frá TBR til að nota í tímunum.

Þróunarhópur

Starf Þróunarhópsins hélt áfram í vetur eins og undanfarin ár. Verkefnið gengur út á að meistaraflokksleikmaður tekur að sér yngri leikmann í svokallað „fóstur." Þessir tveir leikmenn hittast svo 12 sinnum yfir önnina og fær yngri leikmaðurinn einkatíma hjá þeim eldri.

Sumarskóli

Sumarskóli TBR er leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 6-13 ára þar sem aðaláherslan er lögð á badminton. Sumarskólinn hefur verið starfræktur í um þrjá áratugi og hefur verið mjög vinsæll og vel sóttur.

Forvarnarhópur

Forvarnarhópurinn hefur verið starfræktur í vetur undir styrkri umsjón Árna Þórs Hallgrímssonar. Forvarnarhópinn samanstendur af ungmennum sem hafa kosið að temja sér þann heilbrigða lífsstíl að neyta ekki áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna.

Ármúlaskóli og TBR eiga í samstarfi. Nokkrir nemendur skólans, sem eru jafnframt í keppnisliði félagsins eiga kost á því að mæta á badmintonæfingar snemma morguns allt að þrisvar í viku, og fá þetta metið til eininga í skólanum.

Formaður TBR er Guðmundur Adolfsson, og með honum eru í stjórn: Áslaug Jónsdóttir, Halldóra Elín Jóhannsdóttir, Þorbjörg Kristinsdóttir og Árni Þór Hallgrímsson. Jónas Baldursson er varamaður í Stjórn TBR, en Atli Tómasson er fulltrúi ungra í stjórninni. Jóhann Kjartansson er yfirþjálfari TBR og Sigfús Ægir Árnason framkvæmdastjóri félagsins.
Tekjur félagsins voru 163 milljónir á síðasta starfsári, rekstrarhagnaður um 16 milljónir og eigiðfé 1.2 milljarður.

Félagið nýtur húsaleigustyrkja Reykjavíkurborgar til að halda uppi unglinga- og keppnisstarfi. Einnig er veittur styrkur til að reka skrifstofu félagsins.
Félagar í TBR eru um 3300 frá 6 ára aldri og upp í tæplega nírætt (sá elsti er fæddur 1929, og spilar badminton tvisvar í viku).

TBR-ingar sækja mót og keppnir hjá öðrum félögum og við fáum einnig fjölmarga gesti í mótin hjá okkur. Við þökkum KR, BH, ÍA, TBS, Hamri-Hveragerði, Þór-Þorlákshöfn, UMSB, Samherja, KA-Akureyri og UMFA kærlega fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða með þökk fyrir allar heimsóknir og heimboð.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar

2017-2018

Rúmlega 300 iðkendur eru skráðir í Badmintonfélag Hafnarfjarðar og hafa iðkað badminton í Íþróttahúsinu við Strandgötu tímabilið 2017-2018. Hér verður stiklað á stóru í starfsemi félagsins.

Sumarið 2017

Sumaræfingar keppnishópa félagsins hófust í lok júní. Æft var 1x í viku badminton í júní og júlí en 2x í ágúst. Kjartan Ágúst Valsson, Kristinn Ingi Guðjónsson og Erla Björg Hafsteinsdóttir sáu um æfingarnar.

Fimmta árið í röð var boðið uppá sumarnámskeið í badminton í Strandgötunni. Um var að ræða fjögur viku námskeið 3 klst á dag, ýmist fyrir eða eftir hádegi. Skipt var í tvo hópa, annars vegar 6-12 ára byrjendur og styttra komna og hinsvegar 10-15 ára vana keppniskrakka. Yfirumsjón með námskeiðunum hafði Kristinn Ingi Guðjónsson en honum til aðstoðar voru þau Katrín Vala Einarsdóttir, Freyr Víkingur Einarsson, Karen Guðmundsdóttir og Lilja Berglind Harðardóttir.

Átta leikmenn BH voru valdir í landsliðsverkefni sumarið 2017: Steinþór Emil, Katrín Vala og Karolina fóru á Nordic camp í Noregi, Halla María og Una Hrund á Evrópuskólann í Slóveníu og Kristian Óskar, Gabríel Ingi og Halla Stella á North Atlantic Camp í Færeyjum.

Sollentuna haustið 2017

Keppnishópar BH og ÍA fóru í vel heppnaða keppnisferð til Svíþjóðar helgina 7.-11.september. Í hópnum voru 35 leikmenn og 5 þjálfarar og fararstjórar auk foreldra. Keppt var á mótinu Viking Cup í Sollentuna í útjaðri Stokkhólms og æft með Sollentuna Badminton Klub tvo daga á undan. BH hefur fjórum sinnum áður farið á þetta mót sem hentar vel fyrir aldursdreyfinguna og getustigið í okkar hópum.

Eftirfarandi BH-ingar unnu til verðlauna á mótinu:
Harpa Hilmisdóttir, 2.sæti í einliða- og tvenndarleik í A-flokki
Sigurður Eðvarð Ólafsson, 2.sæti í tvenndarleik í A-flokki
Katrín Vala Einarsdóttir, 1.sæti í einliða- og tvíliðaleik í B-flokki
Sólrún Anna Ingvarsdóttir, 1.sæti í tvíliðaleik í B-flokki
Ingibjörg Sóley Einarsdóttir, 1.sæti í tvenndarleik í B flokki
Halla María Gústafsdóttir, 2.sæti í tvíliðaleik í B-flokki
Una Hrund Örvar, 2.sæti í tvíliðaleik í B-flokki
Steinþór Emil Svavarsson, 2.sæti í tvenndarleik í U15
Lilja Berglind Harðardóttir, 2.sæti í tvenndarleik í U15

Þjálfarar og fararstjórar voru mjög ánægðir með hópinn í ferðinni sem voru sér og sínum til sóma bæði innan vallar og utan. Eldri voru dugleg að hvetja og hjálpa þeim yngri og allir lögðu sig fram.

Ekki er ólíklegt að Svíþjóðarferð verði aftur á dagskránni 2019.

Æfingahópar

Skipulag æfinga gekk mjög vel í vetur. Iðkendum var skipt upp í 4 hópa barna- og unglinga, 3 keppnishópa og 2 hópa fullorðinna. Tveir eða fleiri þjálfarar voru á öllum æfingum barna- og

unglinga. Yfirumsjón með keppnishópum hafði Kjartan en Kristinn Ingi sá um trimmhópana og Anna Lilja hafði umsjón með öðrum hópum.

Þjálfarar

Hjá félaginu störfuðu fimmtán þjálfarar á tímabilinu en þau voru Anna Lilja Sigurðardóttir, Anna Margrét Guðmundsdóttir, Elín Ósk Traustadóttir, Frímann Ari Ferdinandsson, Garðar Hrafn Benediktsson, Halla María Gústafsdóttir, Irena Ásdís Óskarsdóttir, Katrín Vala Einarsdóttir, Kjartan Ágúst Valsson, Kristinn Ingi Guðjónsson, Kristín Sif Þórarinsdóttir, Róbert Ingi Huldarsson, Sigurður Eðvarð Ólafsson, Sólrún Anna Ingvarsdóttir og Una Hrund Örvar,

Badmintonfélag Hafnarfjarðar leggur mikla áherslu á að hjá félaginu starfi menntaðir badmintonþjálfarar. Allir þjálfarar hafa lokið fyrsta stigi þjálfaramenntunar BSÍ eða alþjóðlegum þjálfaranámskeiðum og margir eru auk þess með frekari badmintonmenntun og jafnvel víðtæka íþróttafræðimenntun. Við erum mjög stolt af þjálfurunum okkar og þakklát fyrir að hafa svona öflugan hóp innan félagsins.

Mótahald

Á þessu tímabili voru þrjú badmintonmót á dagskránni í Strandgötunni; Meistaramót BH, Bikarmót BH og Snillingamót BH.

Rúmlega 90 manns frá 5 félögum tóku þátt í **Meistaramóti BH** í nóvember. Spilað var á keppnismottum félagsins og mikið lagt í flotta umgjörð og glæsileg verðlaun eins og undanfarin ár. Í meistaraflokki var Margrét Jóhannsdóttir sigursælust en hún sigraði þrefallt á mótinu. 11 BH-ingar unnu til verðlauna á mótinu.

Fjölmargir komu að framkvæmd mótsins. Her manna þarf til að setja keppnismotturnar á gólfið en það voru um 15 manns sem tóku þátt í uppsetningunni og enn fleiri í frágangi, þá voru 2 dómarar á vaktinni alla helgina og um 15 börn og unglingar sáu um að telja. 4 einstaklingar skiptu með sér mótsstjórn og keppnishópur unglinga sá um að vera með veitingasölu í húsinu alla helgina. 43 BH-ingar kepptu í mótinu og Kjartan þjálfari ásamt fleirum studdi þá með ráðum og dáð. Sannarlega samhendur hópur sem gerði þetta allt að veruleika.

Bikarmót BH fer fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu í lok apríl. Þegar þetta er skrifað er mótið ekki hafið en skráningar mjög góðar. Til keppni eru skráðir 113 leikmenn frá fjórum félögum: 53 frá TBR, 47 frá BH, 9 frá ÍA og 4 frá Aftureldingu. Keppt verður í einliðaleik í U11-U19 og skipt í riðla eftir getu og fær sigurvegari hvers riðils bikar en allir keppendur fá glaðning. Spennandi verður að sjá hvernig þetta keppnisfyrirkomulag gengur en BH-ingar hafa mikla trú á því að getuskipting í riðla veiti krökkunum betri upplifun því leikirnir verða jafnari og skemmtilegri.

Snillingamót BH fer fram í sjöunda sinn í Strandgötunni í byrjun maí. Keppt verður í U9 og U11 flokkunum á minni velli og með lækkuðu neti til að ýta undir útsjónarsemi. Stefnt er að því að allir fái marga leiki og verði svo verðlaunaðir í mótslok með badmintonglaðning. Lögð verður áhersla á að geturaða eftir hverja umferð þannig að sem flestir fái jafna og skemmtilega leiki eins og tekist hefur svo vel undanfarin ár. Þátttökumet var sett á mótinu í fyrra þegar 75 keppendur frá fimm félögum tóku þátt. Vonir eru bundnar til þess að ekki verði færri þátttakendur í ár.

Fjölskyldutímar

Alla sunnudaga í vetur stóð BH-ingum og fjölskyldum þeirra til boða að mæta í opna fjölskyldutíma í Strandgötunni líkt og undanfarin ár. Þjálfari sá um að skipta inn á velli ef mæting var meiri en pláss leyfði og hægt var að fá kúlur og spaða lánaða á staðnum. Þetta voru skemmtilegir tímar sem okkur finnst gefa fólkinu okkar mikið og stefnum við á að halda þeim áfram.

Á sunnudögum æfir líka U9 hópurinn okkar með foreldrum í einskonar miniton fyrirkomulagi. Það hjálpar mikið að hafa foreldra með hjá yngstu krökkunum því þau ná að slá oftar í kúluna

ef fullorðinn kastar henni vel til þeirra og þá ná þau fljótar tökum á íþróttinni. Svo er líka mjög mikilvægt að foreldrar þekki íþrótt barna sinna.

Stjórnir og nefndir

BH-ingar hafa verið sérstaklega virkir í starfi Badmintonsambandsins undanfarin ár. Kristján Daníelsson, varaformaður BH, er formaður Badmintonsambandsins. Sólveig Ósk Jónsdóttir er í Mótanefnd BSÍ og í Fræðslunefnd BSÍ sitja tveir BH-ingar þau Anna Lilja Sigurðardóttir og Frímann Ari Ferdinandsson. Frímann Ari er auk þess í afreks- og landsliðsnefnd BSÍ. Þá eru endurskoðendur BSÍ einnig BH-ingar en það eru þau Hörður Þorsteinsson og Helena Guðrún Óskarsdóttir. Í byrjun árs bættist Kjartan Ágúst Valsson svo í hóp þeirra sem starfa fyrir BSÍ en þá tók hann við starfi framkvæmdastjóra sambandsins af Margréti Gunnarsdóttur sem við þökkum fyrir góð kynni og gott starf undanfarin ár.

Hörður Þorsteinsson situr í stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar fyrir hönd BH en varamaður er Erla Björg Hafsteinsdóttir.

Sólveig Ósk Jónsdóttir hefur verið fulltrúi BH í dómaramálum undanfarið og dæmt á mótum bæði innanlands og erlendis. Í vetur landaði hún Badminton Europe Certified dómarréttindum með glans en þau er aðeins hægt að fá eftir að hafa dæmt hundruði leikja, vera metin af prófdómurum og taka próf þar sem aðeins ein villa er leyfð. Við erum mjög stolt af okkar konu og þakklát henni fyrir alla þá vinnu sem hún leggur í dómaramálin.

Flest þetta fólk sem talið var upp hér að ofan situr einnig í stjórn BH ásamt fleiru góðu fólki sem heldur félaginu okkar uppi auk frábærs hóps þjálfara og áhugasamra iðkenda.

Landsliðsfólk og Íslandsmeistarar

Margir BH-ingar voru boðaðir á æfingar landsliðs- og úrvalshópa í vetur. Boð á landsliðs- og úrvalsæfingar er mikil hvatning og þökkum við Badmintonsambandinu og landsliðsþjálfurum fyrir öflugt starf.

Fimm BH-ingar hafa verið valdir í verkefni á vegum landsliðanna í vor og sumar. Katrín Vala Einarsdóttir, Halla María Gústafsdóttir, Sólrún Anna Ingvarsdóttir og Steinþór Emil Svavarsson voru valin í U15-U19 landsliðið sem fer til Danmerkur í lok maí og Karolina Prus og Katrín Vala fara í Evrópuskólann í Slóveníu í júlí. Fleiri gætu bæst í hópinn þegar nær dregur sumri.

BH-ingar hafa staðið sig mjög vel á mótum vetrarins og unnið til margra verðlauna. Sérstaklega var árangurinn góður á Íslandsmóti unglinga sem BH-ingar voru fjölmennastir með 48

keppendur, unnu 31 verðlaun, 12 Íslandsmeistaratitla og voru auk þess valdir prúðasta félagið í mótslok. Tveir BH ingar urðu Íslandsmeistarar og átta unnu silfurverðlaun á Meistaramóti Íslands. Það voru þær Erla Björg Hafsteinsdóttir og Halla María Gústafsdóttir sem komu með titlana í hús.
Þó að titlar og landsliðssæti séu alltaf skemmtileg gulrót erum við samt stoltust af því hversu duglegt okkar fólk er að stunda íþróttina sína og keppa en BH-ingar tóku þátt í öllum mótum vetrarins á mótaskrá BSÍ.

Reksturinn

Rekstur Badmintonfélags Hafnarfjarðar gengur ágætlega og er þar mest að þakka miklu sjálfboðaliða starfi sem unnið er í félaginu. Við lítum björtum augum á framtíðina og vonum að draumur okkar um að taka yfir rekstur á Íþrótahúsinu við Strandgötu í haust rætist en þá fá Haukar nýtt íþróttahús.
Takk fyrir veturinn kæru félagar í badmintonhreyfingunni, sjáumst næsta haust.

f.h. stjórnar BH
Anna Lilja Sigurðardóttir
ritari

Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í íþróttahúsinu við Vesturgötu 1. mars 2017. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir.
Breytingar voru á stjórn félagsins þetta árið þar sem Brynja Kolbrún Pétursdóttir tók við sem formaður þar sem Birgitta Rán Ásgeirsdóttir hætti eftir nokkra ára veru sem formaður. Rannveig Guðmundsdóttir hætti sem gjaldkeri og Valdimar Þór Guðmundsson kom inn í stjórnina. Einnig kom Daníel Þór Heimisson í stjórn sem meðstjórnandi.

Stjórn félagsins :

Stjórn félagsins veturinn 2017-2018 :

Formaður :	Brynja Kolbrún Pétursdóttir
Gjaldkeri :	Valdimar Þór Guðmundsson
Ritari :	Irena Rut Jónsdóttir
Meðstjórnendur :	Daníel Þór Heimisson og
	Egill G. Guðlaugsson

Iðkendur :
Fjöldi iðkenda voru á síðasta ári voru um 50-60 sem skiptast í 3 flokka auk þess sem við höfum verið með trimmara. Ákveðið var að halda áfram verkefninu okkar að leyfa einum árgang að æfa frítt, þetta árið er það árgangurinn 2008 og eru nú um 10-15 krakkar að æfa í þeim aldursflokki. Haldið verður áfram með þetta átak vonandi næstu árin allavega á meðan við höfum pláss á æfingum til þess og á meðan á uppbyggingu stendur. Einnig erum við með opna tíma á sunnudögum sem hafa verið mjög vel nýttir og er ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar.

Mynd af 2.-3. flokk

Þjálfarar :
Badmintonfélagið hefur staðið á tímamótum í þjálfaramálum. Þar sem Helgi Magnússon hætti eftir síðasta tímabil eftir mörg ár í þjálfun hjá félaginu og stendur félagið í þakkarskuld við hann. Irena Rut Jónsdóttir og Brynja Kolbrún Pétursdóttir þjálfuðu alla flokka í byrjun haust á meðan félagið var að leita að nýjum þjálfara. Nýr þjálfari frá Svíþjóð Pontus Rydström kom síðan í nóvembermánuði til reynslu í einn mánuð. Þjálfun gekk vel og kom Pontus aftur eftir áramótin og mun vera hjá félaginu næsta árið sem yfirþjálfari. Davíð Örn Harðarson og Brynjar Már Ellertsson hafa verið til aðstoðar með 2. og 3. flokk. Mikilvægt er að hafa elstu iðkendur sem aðstoðarþjálfara og hjálpa til með yngri kynslóðina.

Viðburðir starfsársins :
Badmintonfélag Akraness stóð fyrir þrem opnum badmintonmótum á árinu. Atlamótið var haldið í 23. - 24. september 2017 þar sem keppt var í meistara-, A og B flokki fullorðinna. Gríslingamótið var haldið 14. janúar 2018 fyrir u-9 og u-11 og Landsbankamót ÍA sem er unglingamót var haldið 24.-25. febrúar 2018. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig og viljum við þakka öllum foreldrum sem hafa hjálpað til, þeirra hjálp er ómetanleg.

Atlamót ÍA – Davíð Örn Harðarson (ÍA) og Tómas Sigurðsson (TBR)

Mikil sátt ríkir um það hjá Badmintonfélagi Akraness að iðkendur geti bara æft en sleppt því að keppa. Við viljum fá sem flesta og mega allir vera á sínum eigin forsendum hjá félaginu.

Landsbankamót ÍA – Máni Berg Ellertsson og Arnar Freyr Fannarsson (ÍA)

Gríslingamót ÍA

Iðkendur félagsins tóku þátt í fjölda annarra móta á árinu, bæði unglinga- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Á þessi mót er oftast ákveðinn kjarni sem fer og á unglingamótin eru að fara í kringum 10 krakkar og á fullorðinsmótin í kringum 3 krakkar.

Á Meistaramóti Íslands 2017 eignuðumst við Íslandsmeistaratitil í tvenndarleik í B flokki þar sem Brynjar Már Ellertsson sigraði ásamt Ingibjörgu Rósu Jónsdóttur UMFS. Brynjar Már Ellertsson og Tómas Andri Jörgenson fengu silfur í tvíliðaleik í B flokki og Tómas fékk einnig silfur í einliðaleik í B-flokki. Aðalsteinn Huldarsson fékk silfur í Æðstaflokki.

Myndir frá verðlaunaafhendingu á Meistaramót Íslands 2017

Keppendur hjá Badmintonfélagi Akraness tóku þátt í RIG sem haldið var hér á landi. RIG unglingameistaramót TBR var haldið dagana 3. – 4. febrúar 2018 og RIG – Iceland International var haldið 25. – 28. janúar 2018.

Mynd frá RIG Unglingameistaramóti TBR

Næsta stórmót hjá unglingum er Íslandmeistaramótið sem haldið verður dagana 9. – 11. mars 2018 á Akranesi.
Meistaramót Íslands verður svo haldið helgina 6. – 8. apríl 2018.
Akranesmót og lokahóf félagsins var haldið 21. maí 2017. Keppt var í einliða í u-11 - u-19 og fullorðinsflokki, tvíliðaleikurinn er þannig að það er einn spilari og einn fjölskyldumeðlimur sem spila saman. Gekk mótið mjög vel fyrir sig og voru allir almennt ánægðir með mótið. Veitt voru verðlaun fyrir bestu ástundu, mestu framfarir eldri og yngri, besta æfingarfélagann og spilara ársins en að þessu sinni var Brynjar Már Ellertsson valin sem spilari ársins.
Einnig var Brynjar Már Ellertsson valin Badmintonmaður ársins 2017 eftir góða frammistöðu á síðastliðnu ári.
Farnar voru 2 ferðir erlendis, önnur ferðin var til Færeyja frá 31.mars - 3. apríl á Junior Faroe Island Open, en þangað fóru 12 krakkar ásamt 2 fararstjórum, var þetta í fyrsta skipti sem þetta mót er haldið og fannst stjórn Badmintonfélagsins tilvalið að fara þar sem krakkarnir okkar eru farin að þekkja krakkana í Færeyjum vel til þess að halda þessum tengslum.
Einnig fóru 5 krakkar og 2 fararstjórar á Victor Denmark junior 2017. Krakkarnir á afreksbrautinni fóru og kepptu á Victor Denmark Junior og fengu svo að horfa á topp spilara spila á Victor Denmark open. Þetta var frábær ferð sem væri gaman að endurtaka við tækifæri.
Badmintonfélag Akranes hélt æfingabúðir fyrir aldurshóp U13-U17 dagana 17. – 24.júlí 2017. Þátttakendur voru 10 frá 4 badmintonfélögum á landinu. Þjálfarar frá Danmörku komu og stjórnuðu æfingabúðunum. Mikil ánægja var með búðirnar og mun badmintonfélagið reyna að halda þessari hefð með að bjóða uppá badmintonþjálfun á Akranesi.

Mynd frá æfingabúðunum

Í fyrsta sinn var haldið badmintonnámskeið í byrjun sumars 2017 fyrir yngri kynslóðina. Haldin voru tvö námskeið og voru þau vel sótt. Stefnt er að því að hafa námskeiðin aftur í byrjun sumars 2018 og áður en skólarnir byrja eftir sumarfrí.

Mynd frá badmintonnámskeiði sumarið 2017

Landsliðsmál :

Eins og undanfarin ár átti félagið fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins.

3 krakkar hafa verið á föstum landsliðsæfingum í vetur. Þar sem María Rún Ellertsdóttir og Máni Berg Ellertsson hafa verið í yngri landsliðshóp og Davíð Örn Harðarson og Brynjar Már Ellertsson hafa verið í eldri landliðshóp. Einnig hefur Brynjar Már Ellertsson verið valinn í framtíðarhóp Badmintonsambands Íslands. Útbreiðsluæfingar hafa verið tvær í vetur og þá hafa fleiri ungir og efnilegir verið á æfingu.
Evrópuskólinn var haldin í Slóveníu dagana 8. – 15. júlí 2017 og fór Brynjar Már Ellertsson þangað sem fulltrú frá Badmintonfélaginu.
North Atlantic Camp var haldið í Færeyjum dagana 7. – 14. ágúst 2017. Davíð Örn Harðarson var valin að fara frá Badmintonfélagi Akraness sem spilari og Irena Rut Jónsdóttir sem þjálfari.

Rekstur félagsins :

Almennur rekstur félagsins var rekin með hagnað í ár. Minni tekjur voru þar sem félagið hélt ekki æfingabúðir í ár fyrir Badmintonsamband Íslands en gjöldin lækkuðu líka þar sem þjálfarakostnaður lækkaði seinni hluta ársins 2017.
Það voru færri fjáraflanir á árinu en stjórn vildi reyna auka útbreiðslu með því að halda æfingabúðir og badmintonnámskeið sem ætti að vera fjárfesting fyrir framtíðina. Félagið fór í dósasöfnun og eldhús- og salernispappírsölu.
Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjáröflunum því ella þarf að hækka æfingagjöldin sem tekist hefur að halda í lágmarki undanfarin ár.

Framtíðarsýn :

Okkar helsta framtíðarsýn er að stækka félagið og koma okkur aftur í fremstu raðir badmintonfélaga á landinu. Okkar helstu aðferðir í ár við að fjölga iðkendum var að leyfa einum árgang að æfa frítt ásamt því að gefa nýjum iðkendum badmintonspaða að gjöf. Við vonumst til að geta haldið þessu áfram um ókomin ár. Einnig að badminton sé ein af grunníþróttum á Akranesi.
Framtíðarsýn fyrir Badmintonfélag Akraness er að koma iðkendum um og yfir 100 á næstu 5 árum og halda áfram okkar góða starfi með börnin.

Lokaorð og þakkir :

Í heildina litið er félagið mjög ánægt með árið sem er að líða, krakkarnir hafa sýnt miklar framfarir og staðið sig vel á mótum og verið til sóma fyrir Badmintonfélag Akraness.
Við teljum að uppbyggingarstarfið sé byrjað og á góðri leið. Við vonumst til þess að halda okkar iðkendum og að næsta ár verði enn betra.

Samherjar

Badminton er ein af þeim fjölbreyttu íþróttagreinum sem UMF Samherjar býður upp á í Eyjafjarðarsveit. Líkt og áður er aðeins greitt eitt æfingagjald fyrir önnina og getur barn sótt allar æfingar sem boðið er upp á hjá félaginu. Ekki er sérstök stjórn innan badminton ,,deildar“ en tengiliður er við stjórn UMF Samherja og foreldrafélagið er á sínum stað.

Líkt og áður er iðkendum í badminton skipt í þrjá flokka:

1. Miniton - 5-8 ára börn
2. Barna- og unglingaflokkur - 9-16 ára börn
3. Fullorðinsflokkur - 16 ára og eldri.

Veturinn ´16-´17 var badmintonæfingum fjölgað um eina hjá barna- og unglingaflokki en haustið ´17 var aftur horfið til æfinga tvisvar í viku en æfingatími lengdur á annarri æfingunni, var þá einn og hálfur tími í stað klukkutíma æfinga áður. Barna- og unglingaflokkur hefur því verið á miðvikudögum frá 17-18:30 og laugardagsmorgnum frá 11-12. Miniton hélt sínum tímum á laugardagsmorgnum frá kl. 10-11 og fullorðnir sínum, þrisvar í viku, á miðvikudögum kl. frá 18:30-20, á föstudögum kl. 17-19 og á sunnudögum kl. 19-21.

Aðeins hefur fækkað í iðkendahópnum þennan vetur en kjarninn, ca. 20 einstaklingar samanlagt í öllum æfingahópum hefur haldist og ca. 10-15 einstaklingar ,,rokka“ í mætingu.

Þjálfarar badmintondeildar UMF Samherja eru nú tveir. Líkt og áður hefur Sonja Magnúsdóttir séð um þjálfun yngsta hópsins og tók við þjálfun barna- og unglingahópsins frá hausti ´17. Konráð Þorsteinsson hefur séð þjálfun fullorðinna og hefur stokkið inn í þjálfun bæði yngsta hópsins og barna-og unglingahópsins þegar svo hefur borið undir.

Að venju hafa iðkendur tekið þátt í ýmsum mótum sem í boði hafa verið, þá helst hérna í nágrenninu en einnig höfum við lagt land undir fót og sótt mót m.a. á Akranesi og Reykjavík. Fyrsta mót starfsársins var haldið á Akureyri um mánaðarmótin sept/okt en það var hið árlega Unglingamót KA/TBS. Nokkrir af yngstu iðkendum voru að stíga sín fyrstu skref þar og var virkilega gaman að fylgjast með þeim og sjá hvernig þau efldust bara á milli leikja. Þrír iðkendur í U-11 og einn í U-15 tóku þátt í unglingamóti á Siglufirði í byrjun desember ´17 og voru þar tveir iðkendur að taka þátt í þeirra

fyrsta móti. Tveir iðkendur UMF Samherja, Enok Atli og Hildur Marín, tóku þátt í Íslandsmóti unglinga á Akranesi nú í mars sl. þar sem Enok Atli vann U-13 B-flokk. Þegar þetta er skrifað á Norðurlandsmótið eftir að fara fram en gera má ráð fyrir góðri þátttöku iðkenda UMF Samherja á því móti en það verður að þessu sinni haldið á Akureyri.
Innanfélagsmót voru tvö en í desember var haldið jólamót þar sem öllum iðkendum, stórum og smáum, var att saman þar sem hart var barist. Hið árlega Páskamót var á sínum stað en þá voru foreldrar fengnir til þátttöku þar sem þeir lentu ekkert endilega með sínu barni en allir höfðu virkilega gaman að.

Á haustmánuðum ´17 voru Hildur Marín Gísladóttir og Úlfur Hugi Sigmundsson boðuð í æfingabúðir í Reykjavík undir stjórn landsliðsþjálfara. Hildur Marín hefur einnig verið boðuð reglulega á landsliðsæfingar þennan vetur.

Foreldraráð badmintondeildar hefur reynt að halda í hefðirnar og komið inn á æfingar með einhvers konar uppbrot og stendur badminton-bingóið þar upp úr ásamt búningaæfingunni.

Að venju lítum við björtum augum til framtíðar! UMF Samherjar hefur, líkt og áður, á að skipa mörgum efnilegum iðkendum, sem með áhuga og réttu hugarfari eiga svo sannalega framtíðina fyrir sér ☺

Fyrir hönd badmintondeildar UMF Samherja,
Sonja Magnúsdóttir, þjálfari

Hamar

Badmintondeild Hamars stækkar ár frá ári og var árið 2017 sérstaklega gott þar sem mikil aukning var á iðkendum frá sex til níu ára. Þau koma beint úr skólaseli tvisvar í viku og labba sjálf yfir í íþróttahúsið við Skólamörk um miðjan dag og þurfa því ekki að mæta eftir skóla upp í Hamarshöll þar sem eldri krakkarnir spila í kringum kvöldmatarleytið.

Við höfum æfingar fjóra daga vikunnar fyrir elstu iðkendurna og svo bjóðum við upp á fjölskyldutíma á sunnudögum þar sem krakkarnir geta mætt með vinum eða fjölskyldu og spilað á sex völlum. Kúlur og spaðar eru á staðnum fyrir alla sem vilja koma og prófa.

Ný stjórn tók við 2017 og er Þórhallur Einisson formaður. Halldóra Steindórsdóttir er gjaldkeri. Helga Björt Guðmundsdóttir er ritari. Þórður K. Karlsson og Hákon Fannar Briem eru meðstjórnendur.

Sigurður Blöndal kom til baka eftir veikindi og hóf sitt 22. starfsár sem þjálfari og sér hann um þjálfun eldri keppenda og Hrund Guðmundsdóttir þjálfar yngri hópinn.

Á árinu byrjaði deildin með Kvennatíma sem hafa verið það vinsælir að við urðum að færa þá upp í Hamarshöll úr Skólamörk þar sem við þurftum fleiri velli. Hrund sér um kvennatímana og í haust byrjaði Sigurður með karlatíma sem sömuleiðis eru að verða vinsælli og er mikill keppnisandi í hverjum tíma.

Við eigum nokkra keppendur í A og B flokkum sem keppa á fullorðinsmótum. Sömuleiðis erum við með nokkra unglinga sem keppa ýmist í A eða B mótum barna og unglinga og hóp af U11 spilurum sem mæta í mót þar sem boðið er upp á U9 - U11 flokka.

Bjarndís Helga Blöndal varð Íslandsmeistari með félögum sínum úr TBR í Deildakeppni BSÍ.

Við erum sérstaklega stolt að eiga nú fulltrúa í afrekshópi og unglingalandsliði Íslands en Margrét Guangbing Hu var valin af Tinnu Helgadóttur og Atla Jóhannessyni landsliðsþjáfurum Íslands til að taka reglulega þátt í æfingabúðum á vegum Badmintonsambandsins í vetur.

Við erum heppin með foreldra og systkini sem eru öll að vilja gerð til að aðstoða okkur í fjáröflun og mótahaldi. Deildin tók að sér

sjoppuvörslu á Íslandsmóti fullorðinna í TBR í apríl og sömuleiðis fórum við í tvær dósasafnanir þar sem myndast alltaf mikið stuð í talningu og þegar hlaupið er um bæinn og endað í pizzuveislu.

Hamar vann HSK bikarinn aftur eins og síðustu ár og var sérstaklega gaman að sjá hvað allir voru til í að spila með okkur alveg sama hvað menn voru búnir að æfa lengi eða voru að koma aftur eftir margra ára hlé.

Við héldum Kjörís unglingamótið aftur og var metfjöldi þátttakenda og fengum við mikið hrós fyrir alla umgjörð mótsins og skipulag frá þjálfurum og foreldrum. Kjörís gaf öllum ís í lok keppni og fengu yngstu keppendurnir allir verðlaunapening. Fulltrúar frá BSÍ og formenn af norðurlöndunum kíktu í heimsókn á mótið og fannst húsið frábært og allt skipulag til fyrirmyndar.

Facebook síðurnar okkar eru mjög virkar og sérstaklega iðkendasíðan þar sem við setjum inn tilkynningar og myndir.

Badmintonmaður/kona ársins 2017 er Margrét Guangbing Hu.

Badmintondeild Hamars á marga efnilega spilara og við hlökkum til að fylgjst með deildinni vaxa og dafna á næstu árum.

F.h Badmintondeildar Hamars

Hrund Guðmundsdóttir, þjálfari.

UMF Skallagrímur

Stjórn

Sigríður Bjarnadóttir

Þjálfari deildarinnar á vorönn 2017 var Helgi Magnússon og Sigríður Bjarnadóttir og á haustönn Pontus Rydström, Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, Úlfheiður Blöndal og Sigríður Bjarnadóttir.
Starf deildarinnar hefur verið með hefðbundnu sniði og undanfarin ár. Þó urðu breytingar í þjálfaramálum en Helgi Magnússon hætti þjálfun eftir margra áratuga starf innan hreyfingarinnar og eftir 10 ára starf hjá deildinni.
Badmintondeild Skallagríms þakkar honum fyrir gott samstarf í gegnum árin.
Til deildarinnar var ráðinn Pontus Rydström frá Svíþjóð. Ráðning hans var gerð í samvinnu við Badmintonfélag Akraness en þar þjálfar hann 5 daga í viku auk þess að stýra badminton vali á afreksbraut FVA. Pontus kom til landsins í nóvember en fram að þeim tíma báru þær systur Birgitta Rán og Úlfheiður hitann og þungan í þjálfun deildarinnar.
Rekstur deildarinnar hefur verið í nokkru jafnvægi en sökum stjórnar- eða manneklu þá hefur ekki reynst unnt að fara í fjáraflanir og okkar mikilvæga firmakeppni féll niður árið 2016 og 2017 en æfingagjöld og árlegir styrkir hafa náð að kljúfa þjálfarakostnað að mestu.
Svipað fyrirkomulag er og undanfarin ár en æfingar eru tvær á viku hjá yngri og eldri iðkendum og hefur iðkendafjöldi verið með ágætum síðasta árið. Badmintondeildin hefur ásamt öðrum deildum Skallagríms tekið þátt í íþróttaskóla síðustu ár og hefur það komið vel út þó svo að fjöldi sé alltaf svolítið rokkandi. Iðkendur geta valið hversu margar æfingar þau velja og með því fá þau betra tækifæri til að kynnast fleiri íþróttagreinum.
Í haust var farið af stað með æfingar yfir leikskólabörnin og þeim boðið upp á æfingar 1 sinni í viku og var æfingunum skipt niður á deildir Skallagríms og er þetta annað árið sem þau mæta á miðvikudögum í hádeginu. Sigríður Bjarnadóttir hefur séð um að taka á móti þessum spræku krökkum og er það verkefni virkilega skemmtilegt. Fjöldi barnana var að jafnaði í kringum 25 og því líf og fjör á miðvikudögum í hádeginu þar sem þau kynntust lítillega badmintoníþróttinni í gegnum leiki og æfingar.

Nokkrir einstaklingar hafa verið að sækja mót og gaman að það er áhugi hjá yngstu iðkendunum að taka þátt í B-mótum í U9 og U11 flokkum. Alls voru keppendur frá Badmintondeild Skallagríms skráðir í 4 mót utan mótaraðar BSÍ.

Ingibjörg Rósa Jónsdóttir tók þátt í flestum mótum innan mótaraðar Badmintonsambands Íslands fyrri part árs og stóð sig vel. Hún spilaði á yngra ári í sínum flokki og hún ásamt Brynjari Má Ellertsyni urðu Íslandsmeistarar í tvenndarleik í B-flokki. Á Íslandsmóti unglinga urðu þau Brynjar í öðru sæti í U17 í tvenndarleik og Inga Rósa ásamt Hörpu Kristnýju urðu einnig í öðru sæti í U17 í tvíliðaleik.

Inga Rósa tók í fyrsta skipti þátt í alþjóðamótinu Iceland International sem er stærsta fullorðins landsliðsverkefni hérlendis ár hvert. Hún stóðs sig vel þó svo að hafa ekki komist í aðra umferð í sínum greinum en mikill lærdómur. Inga Rósa var í landsliðshópi Badmintonsambands Ísland U17 ára.

Badmintonkona Skallagríms 2017 var valin Ingibjörg Rósa sem jafnframt fékk viðurkenningu frá UMSB á Íþróttamanni Borgarbyggðar á top 10.

Enn hefur ekki tekist að manna stjórn deildarinnar og eru þar af leiðandi umsvif í lágmarki. Ljóst er að starf deildarinnar gæti verið í hættu ef ekki tekst að ráða bót á því.

F.h. Badmintondeild Skallagríms,

Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir formaður

Skýrsla Fræðslunefndar 2017 – 2018

Hér verður stiklað á stóru í fræðslutengdum verkefnum BSÍ á tímabilinu. Í fræðslunefnd veturinn 2017-2018 sátu Anna Lilja Sigurðardóttir, Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, Frímann Ari Ferdinandsson og Hrund Guðmundsdóttir. Nefndin fundaði einu sinni tímabilinu.
Helgina 26.-27. ágúst stóð Badmintonsambandið fyrir námskeiði fyrir starfandi þjálfara í TBR húsinu þar sem Tinna Helgadóttir, landsliðsþjálfari, var kennari. Á laugardeginum voru U9-U15 ára hópar og var þar farið yfir tækni, fótaburð, hreyfi- og styrktarþjálfun og hvernig er hægt að mæla iðkendur til að sjá framfarirnar. Á sunnudeginum var eldri hópur eða frá U17 – Afrekshóps. Þá var farið yfir uppbyggingu æfingar fyrir þessa hópa, t.d hveru mikið á að æfa tækni/fótaburð/hlaup o.s.fr. Þá var einnig farið vel yfiir líkamlegu þjálfun og hvernig á að setja upp markmið með hverjum og hverjum og einum. Mikil ánægja var með Tinnu

Eftirfarandir þjálfarar tóku þátt í þessu námskeiði :

Einar Óskarsson	Afturelding
Árni Magnússon	Afturelding
Karen Ýr Sæmundsdóttir	UMF Þór
Jóhann Kjartansson	TBR
Kristófer Darri Finnsson	TBR
Þorkell Ingi Eriksson	TBR
Irena Ásdís Óskarsdóttir	BH
Kristinn Ingi Guðjónsson	BH
Brynja Kolbrún Pétursdóttir	ÍA
Brynjar Már Ellertsson	ÍA
Davíð Örn Harðarson	ÍA

Í mars luku sjö þjálfarar 1.stigi þjálfaramenntunar BSÍ. 1.stigið samanstendur af þremur 20 kennslustunda námskeiðum, 1a, 1b og 1c sem skiptist niður á þrjár helgar. Að stigi 1 loknu á þjálfarinn að geta skipulagt og stjórnað æfingatíma hjá börnum og unglingum á byrjendastigi. Námsefnið sem notast er við á námskeiðunum er Badmintonbókin eftir Kenneth Larsen og leikjasafn sem Anna Lilja Sigurðardóttir tók saman. Námskeiðin voru haldin bæði í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði og TBR húsunum við Gnoðarvog í október, febrúar og mars. Á síðustu námskeiðshelginni fóru þjálfararnir í bæði bóklegt og verklegt próf sem allir stóðust með sóma. Kennarar á námskeiðunum voru þær Irena Ásdís Óskarsdóttir og Anna Lilja Sigurðardóttir en Laufey Sigurðardóttir kenndi leikreglnahluta námskeiðsins.
Þjálfararnir sem luku 1.stiginu voru eftirfarandi:

Halla María Gústafsdóttir BH, Hjalti Kristjánsson Reykjalundi, Katrín Vala Einarsdóttir BH, Kristófer Darri Finnsson TBR, Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH, Una Hrund Örvar BH, Þorkell Ingi Eriksson TBR.
Líkt og undanfarin ár fóru íslenskir þjálfarar á alþjóðleg námskeið á vegum Badmintonsambandsins síðasta sumar. Einar Óskarsson fór á þjálfaranámskeið Nordic Camp í ágúst í Noregi, Atli Jóhannesson fór á þjálfaranámskeið tengt Evrópuskólanum í Slóveníu í júlí og Irena Rut Jónsdóttir og Þorkell Ingi Eriksson fóru á North Atlantic Camp til Færeyja.

Irena Ásdís Óskarsdóttir kynnti Shuttle time á námskeið hjá Háskóla Íslands í janúar. Á námskeiðinu voru nemendur í íþróttafræði á 2. og 3.ári. Um 140 kennarar hafa farið á Shuttle time námskeið hjá Badmintonsambandinu frá því verkefnið hófst árið 2012. Ekki er ólíklegt að búið sé að ná til lang flestra áhugasamra starfandi íþróttakennara á landinu og því mikilvægt að halda áfram að kynna það í háskólunum.
Fræðslunefnd vill gjarnan fá ábendingar um áhugaverða fyrirlesara, námskeið eða annað sem fólk telur að geti verið áhugavert og fræðandi fyrir íslenska badmintonhreyfingu. Einnig væri gaman að fá unga og áhugasama þjálfara inní nefndina sem hafa metnað til boða badminton fagnaðarerindið. Hikið ekki við að hafa samband ef þið viljið starfa í fræðslunefnd, eruð með góða hugmynd eða fréttið af einhverju áhugaverðu.

f.h.Fræðslunefndar
Anna Lilja Sigurðardóttir

Þjálfararnir sem luku 1.stigi þjálfaramenntunar BSÍ í vetur.

Skýrsla Mótanefndar 2017 – 2018

Mótanefnd var kjörin þegar nýtt starfsár hófst. Fulltrúar í nefndinni eru Guðrún Björk Gunnarsdóttir TBR , formaður, Helgi Jóhannesson TBR, Irena Rut Jónsdóttir ÍA, Laufey Sigurðardóttir ÍA, Sólveig Jónsdóttir BH. Margrét Gunnarsdóttir / Kjartan Ágúst Valsson framkvæmdastjóri BSÍ er starfsmaður nefndarinnar. Nefndin fundaði þrisvar sinnum auk þess sem fulltrúar skiptu með sér skipulagi og vinnu við Iceland International og öll Íslandsmótin.

Stærsta verkefni mótanefndar og sambandsins, Iceland International var haldið í janúar. Mótið var í þriðja skipti hluti af Reyjavíkurleikunum, Reykjavik International Games. Mótið er innan mótaraðar Badminton Eurpoe og gefur stig á heimslista Badminton World Federation. Mótið tókst mjög vel og fengum við hrós fyrir umgjörð og framkvæmd frá yfirdómara mótsins og frá Badminton Europe. Yfirdómarinn kom frá Wales. Hann gaf okkur einnig bestu einkunn fyrir framkvæmd, umgjörð, aðbúnað fyrir keppendur og allt starfsfólk mótsins. RÚV sýndi beint frá úrslitaleikjum mótsins en þetta er í fjórða sinn sem RÚV sýnir beint frá leikjum á Iceland International. Um 60 manns koma að vinnu við framkvæmd á þessu móti og vil ég nota tækifærið og þakka öllum sem lögðu hönd á plóg fyrir þeirra vinnu og framlag til að gera þessa keppni að veruleika, án þeirra gætum við ekki haldið mót eins og þetta.

Deildakeppnin var haldin í febrúar í TBR. Keppnisfyrirkomulag var með sama móti og síðastu ár. Fjöldið liða var sá sami og í fyrra. Yfirdómari var Laufey Sigurðardóttir.

Íslandsmót unglinga var haldið í byrjun mars og var það haldið á Akranesi, í samvinnu við ÍA. Fulltrúar ÍA sáu um framkvæmd mótsins ásamt BSÍ og gerðu það með miklum sóma. Karítas Eva Jónsdóttir var mótsstjóri en aðrir í mótsstjórn voru Valdimar Þór Guðmundsson, Brynja Kolbrún Pétursdóttir, Irena Rut Jónsdóttir, Egill Guðlaugsson, Arnór Tumi Finnsson og Kjartan Ágúst Valsson.

Meistaramótið var haldið í TBR í apríl en BSÍ sá um umgjörð og framkvæmd mótsins að stærstum hluta. Mótsstjóri var Kristján Daníelsson og yfirdómari var Laufey Sigurðardóttir. RÚV sýndi frá úrslitum mótsins en mótið var hluti af Meistaradögum á RÚV.

Að lokum viljum við benda á að við tökum við öllum ábendingum um það sem betur má fara sem og góðum hugmyndum í tengslum við allt mótahald.

F.h. Mótanefndar,

Kjartan Ágúst Valsson

Skýrsla Afreks- og landsliðsnefndar 2017 – 2018

Á starfstímabilinu hefur verið unnið eftir afreksstefnu sambandsins. Landsliðsþjálfarar okkar draga vagninn í því verkefni í samráði við framkvæmdarstjóra og nefndina.

Atli Jóhannesson aðstoðarlandsliðsþjálfari hefur séð um reglubundnar æfingar í vetur á milli æfingabúða sem Tinna og hann sjá um sameiginlega.
Afrekssjóður hefur styrkt nokkra leikmenn til ferða á mót erlendis og er jákvætt hve leikmenn eru farnir að sækja í auknum mæli í sjóðinn.

Haldinn var opinn fundur um afreksmál í badminton í byrjun september 2017. Þar fór Tinna ásamt landsliðsnefnd yfir afreksstarf BSÍ á komandi keppnistímabili, fyrirkomulag landsliðsmála, æfingar og landsliðsverkefnin. Andri Stefánsson sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSÍ sagði frá nýju fyrirkomulagi varðandi Afrekssjóð ÍSÍ.

Talsverðar breytingar hafa verið gerðir á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ í kjölfar aukins fjármagns frá ríki í sjóðinn. Stuðningur sjóðsins til BSÍ hefur aukist sem er mjög gott mál. Mikil vinna af hálfu nefndarinnar og framkvæmdarstjóra hefur verið lögð í umsóknarferlið sem nú er gerbreytt. ÍSÍ hefur útbúið nýjan ramma utan um umsóknir sérsambanda og er sú vinna í áframhaldandi þróun.

Frímann Ari Ferdinandsson,
Formaður Afreks- og landsliðsnefndar

Iceland International 2018

Badmintonsamband Íslands hélt alþjóðlega mótið Iceland International í TBR húsinu helgina 25. – 28. janúar 2018. Mótið, sem var nú haldið í 31. skipti, er hluti af mótaröð Badminton Europe og er í styrkleikaflokknum „International Series“ en þar er greitt verðlaunafé fyrir fyrstu sætin að fjárhæð USD 10.000. Keppt var í Meistaraflokki og var flest af besta badmintonfólki landsins á meðal keppenda auk 172 erlendra keppenda frá 32 löndum;. Alls voru keppendur 207 talsins sem var aukning um rúm 50%.

Í einliðaleik kvenna vann Saili Rane Indlandi en hún vann í úrslitum löndu sína, Vaishnavi Reddy Jakka, 22-20, 21-12. Keppendur í forkeppni einliða-leiks kvenna voru 24 talsins og í aðalkeppninni 24. Arna Karen Jóhannsdóttir fór lengst íslensku keppendanna en hún datt út í átta liða úrslitum.

Í tvíliðaleik kvenna voru skráð til leiks 23 pör, 7 íslenskt par og 16 erlent. Margrét Jóhannsdóttir og Sigríður Árnadóttir komust í átta liða úrslit. Sigurvegarar í tvíliðaleik kvenna voru Julie Macphersson og Eleanor O‘Donnel frá Skotlandi. Þær unnu í úrslitum Emilie Furbo og Trine Villadsen Danmörku, 17-21, 21-13 og 21-17.

Í einliðaleik karla var fyrst keppt í forkeppni en 65 keppendur voru skráðir til leiks í henni, 19 íslenskir og 39 erlendir. Enginn af íslensku spilurunum náðu að komst inn í aðalkeppnina. Í aðalkepninni voru 24 spilarar skráðir til leiks. Sigurvegari einliðaleiks karla var Sam Parsons Englandi en hann vann í úrslitum Bodhit Johsi Indlandi 21-14 og 21-17.

Í tvíliðaleik karla kepptu 34 pör og þar af átta íslensk og 24 erlend. 4 lið hófu leik í undankepninni. Skotarnir Alexander Dunn og Adam Hall sigruðu í úrslitum þá Nickal Mathiasen og Mikkel Stoffersen frá Danmörku 21-16 og 21-18. Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson komust í 16 liða úrslit ásamt Daníel Jóhannessyni og Kára Gunnarssyni. Bæði lið duttu út úr keppni þar.

Í tvenndarleik tók 29 par þátt, 10 íslensk og 19 erlend. Rohan Kapoor og Kuhoo Garg Indlandi unnu greinina. Þau unnu í úrslitum danina, Kristoffer Knudsen og Isabellu Nielsen en úrslitaviðureignin fór í odd 16-21, 21-19, 21-18. Kristófer Darri Finnsson og Margrét Jóhannsdóttir töpuðu í undanúrslitum gegn dönunum. Kristófer og Margrét höfðu áður unnið Daníel Jóhannesson og Sigríði Árnadóttur í 8 liða úrslitum

Myndir frá mótinu má finna á heimsíðu sambandsins og á Facebooksíðu Badminton-sambands Íslands.

Deildakeppni BSÍ 2018

Deildakeppnin fór fram helgina 9. – 11. febrúar 2018 í TBR. Keppt var í þremur deildum; Meistara-, A- og B-deild. Alls tóku þátt 15 lið frá sjö félögum, Aftureldingu, BH, Hamri, ÍA, TBR, UMFS og Sandefjord (Norska liðið þar sem Birna Petersen þjálfar). Hart var barist og leiknir margir spennandi leikir. Leikin var 31 viðureign milli liða í mótinu og 248 leikir. Alls voru skráðir 231 leikmenn, á öllum aldri, til leiks í keppninni.

Íslandsmeistarar félagsliða í Meistaradeild eru TBR Ljóshraði en TBR Ástarpungar urðu í öðru sæti. Sigurliðið skipuðu Arna Karen Jóhannsdóttir, Sigríður Árnadóttir, Sunna Ösp Runófsdóttir, Davíð Bjarni Björnsson, Eiður Ísak Broddason, Ívar Oddsson, Jónas Baldursson og Kári Gunnarsson

Röð liða í Meistaradeild 2018

1. TBR Ljóshraði
2. TBR Ástarpungar
3. TBR/BH-Öllarar
4. Team Hvalur (Noregur)

TBR/Hamar-Öllarar-Sleggjur urðu í fyrsta sæti í A-deild og þar með Íslandsmeistarar í A-deild. Liðið skipuðu Áslaug Jónsdóttir, Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir, Guðrún Björk Gunnarsdóttir, Hrund Guðmundsdóttir, Sigrún Einarsdóttir, Egill Sigurðsson, Geir Svanbjörssno, Gunnar Petersen, Haraldur Guðmundsson, Indriði Björnsson, Ingólfur Ingólfsson, Jón Sigurðsson, Þórhallur Einisson og Vignir Sigurðsson. Í öðru sæti urðu BH Mafían, í þriðja sæti ÍA/UMFS.



Röð liða í A-deild 2018

1. TBR/Hamar Öllarar
2. BH Mafían
3. ÍA/UMFS
4. TBR – Gullgrafarar
5. BH Morgans
6. Sandefjord / TBR Hvalur

TBR/UMFA Hákarlar eru Íslandsmeistarar liða í B-deild. Hákarla skipa Árni Haraldsson, Egill Þór Magnússon, Sigurður Ingi Pálsson, Gunnar Örn Ingólfsson, Gísli Björn Heimisson, Steinþór Óli Hilmarsson, Gunnar Gunnarsson, Alexander Eðvardsson, Sæmundur Sæmundsson, Geir Sæmundsson, Sigfús B. Sverrisson, Rúnar Óskarsson, Stefán Alfreð Stefánsson, Svanfríður Oddgeirsdóttir, Arndís Úlfheiður Sævarsdóttir, Sunnar Karen Ingvarsdóttir, Lydía Kristín Jakopsdóttir og Bjarndís Helga Blöndal. Í öðru sæti urðu TBR/UMFA/Hamar Jaxlar, BH Naglar í þriðja sæti, BH Power Rangers í fjórða sæti og TBR – Dvergar í fimmta sæti.

Röð liða í B-deild 2018

1. TBR/UMFA Hákarlar
2. TBR/UMFA/Hamar Jaxlar
3. BH Naglar
4. BH Power Rangers
5. TBR - Dvergar

Laufey Sigurðardóttir var yfirdómari Deildakeppni BSÍ 2018. Oft vakna spurningar um uppstillingu liða í keppninni og hvað sé leyfilegt og hvað ekki. Það er því nauðsynlegt fyrir mótsstjórn að hafa yfirdómara til taks til að afgreiða slík mál og önnur ágreiningsmál sem upp kunna að koma. Í Deildakeppninni telja leikmenn sjálfir leiki sinna liða og hefur það fyrirkomulag gengið vel fyrir sig.

Myndir af öllum þátttökuliðum keppninnar má finna á heimasíðu sambandsins og á Facebooksíðu BSÍ, http://www.facebook.com/BadmintonsambandÍslands.

Frá FÍBA 2017 – 2018

Síðastliðið starfsár var hefðbundið. Sólveig Ósk Jónsdóttir fór til Lettlands í júní og dæmdi þar á Yonex Latvia International. Í september dæmdi Sólveig í Belgíu á alþjóðlegu móti. Sólveig fór svo einnig til Prag í Tékklandi þar sem hún dæmdi á EM U17.

Laufey Sigurðardóttir hlaut á vorönn 2018 yfirdómararéttindi Badminton Europe (Badminton Europe Referee) sem er mjög mikill heiður. Fól þetta ferli með sér mikla vinnu. Nánar um þetta ferli er hægt að lesa inn á heimasíðu sambandsins.

